

**SKÝRSLA STARFSHÓPS
SEM KYNNTI SÉR MISMUNANDI
LÖGGJÖF UM VÆNDI O.FL. Á
NORÐURLÖNDUM OG VÍÐAR**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
febrúar 2006
ISBN-9979-884-35-5

Prentun: Litlaprent
Hönnun og umbrot: Jónsson & Le'macks

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. AFMÖRKUN VIÐFANGSEFNISINS.....	6
3. HUGTAKIÐ VÆNDI	7
4. VÆNDI Á ÍSLANDI.....	10
5. KAUP Á VÆNDI	13
5.1 Íslensk löggjöf	13
5.2 Sænsk löggjöf	14
6. SALA VÆNDIS.....	19
7. LÖGGJÖF ANNARRA RÍKJA OG UMFJÖLLUN ÞAR	21
7.1 Noregur	21
7.2 Danmörk	22
7.3 Finnland	23
7.4 Holland.....	24
7.5 Þýskaland	25
8. HAGNÝTING EÐA MILLIGANGA UM VÆNDI	26
9. BARNAVÆNDI	27
10. MANSAL.....	28
11. ALÞJÓÐASAMSTARF GEGN MANSALI	31
12. SJÓNARMÍÐ GESTA SEM KOMU Á FUND STARFSHÓPSINS	33
13. ÓLÍK SJÓNARMÍÐ STARFSHÓPSINS	35
13.1 SJÓNARMÍÐ UM KOSTI ÞESS AÐ GERA KAUP Á VÆNDI REFSIVERÐ	35
13.2 SJÓNARMÍÐ UM GALLA ÞESS AÐ GERA KAUP Á VÆNDI REFSIVERÐ	36
13.3 SJÓNARMÍÐ UM LÖGGJÖF UM SÖLU Á VÆNDI.....	37
14. LOKAORÐ	39
1) Afstaða Kolbrúnar Halldórsdóttur, Jónínu Bjartmarz og Ágúst Ólafs Ágústssonar:	39
2) Afstaða Ástu Möller og Gunnars Arnar Örlýgssonar:	42
3) Afstaða Rögnu Árnadóttur, fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis:	44

1. INNGANGUR

Dómsmálaráðherra skipaði hinn 23. nóvember 2004 starfshóp til að kynna sér: „Reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu. Sérstaklega er þess farið á leit að hópurinn kynni sér reynsluna af þeirri löggjöf í Svíþjóð sem gerir kaup á vændi refsiverð og meti kosti þeirrar löggjafar og galla. Reynt verði, eftir því sem raunhæft er, að bera reynsluna af mismunandi viðhorfum og löggjöf í nágrannalöndunum saman við aðstæður hér á landi. Starfi hópsins verði hraðað og ljúki hann störfum innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs þessa, sé þess kostur.“

Í starfshópinn voru skipuð Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs, Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Örn Örlygsson alþingismaður, tilnefndur af Frjálslynda flokksnum (nú í þingflokki Sjálfstæðisflokksins), Jónína Bjartmarz alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Framsóknarflokksins, og Ásta Möller varaþingismaður, nú alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins.¹ Formaður starfshópsins var Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og starfsmaður hans fram til júlí 2005 var Sigríður Hjaltsted, lögfræðingur í sama ráðuneyti. Yfirlit í fylgiskjali 2 vann Finnur Vilhjálmsson laganemi.

Starfshópurinn hélt alls 13 fundi, sá fyrsti var haldinn í desember 2004 og sá síðasti í desember 2005. Dómsmálaráðherra var í febrúar 2005 gerð grein fyrir því að þriggja mánaða tíma-markið myndi ekki duga til og veitti hann starfshópnum þá ótímabundið umboð til að halda starfi sínu áfram. Starfshópurinn ákvað sumarið 2005 að skila ítarlegri skýrslu um viðfangs-efnið (eins og það var afmarkað, sbr. umfjöllun í kafla 2 hér á eftir), sem myndi fyrst og fremst nýtast sem heimild í umræðunni um það hvort gera ætti kaup á vændi refsiverð.

1 Vorið 2005 sagði Gunnar Örn Örlygsson sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins og gekk í þingflokk Sjálfstæðisflokks. Í kjölfar þessa óskaði þingflokkur Frjálslynda flokksins eftir því að skipa annan fulltrúa í starfshópinn. Um þær mundir taldi formaður starfshópsins að starfinu væri að ljúka þar sem drög að skýrslunni lágu þegar fyrir. Því varð það úr að þingflokkurinn fékk skýrsludrögin send til upplýsingar. Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur áréttað að hann standi ekki að skýrslu þessari.

2. AFMÖRKUN VIÐFANGSEFNISINS

Starfshópurinn fékk eins og áður segir það viðfangsefni að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu, en þess var sérstaklega farið á leit að hópurinn kynnti sér reynsluna af þeirri löggjöf í Svíþjóð sem gerir kaup á vændi refsiverð, ásamt því að meta kosti hennar og galla.

Starfshópurinn kynnti sér þessi atriði eftir föngum en þó var, vegna umfangs viðfangsefnisins, ákveðið að afmarka það aðallega við reynslu af mismunandi löggjöf um vændi. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að fjölmargar ritaðar heimildir liggja þegar fyrir (sjá fskj. 1), og má einkum nefna tvær íslenskar skýrslur frá árunum 2001 og 2002, þar sem fjallað er um vændi og gerðar tillögur til úrbóta.² Starfshópurinn kom sér saman um að styðjast við allar þessar rituðu heimildir, og byggja á þeim við nálgun viðfangsefnisins. Auk þessa var til glöggvunar búið til heildstætt yfirlit yfir norræn lagaákvæði er snerta vændi, hagnýtingu þess o.fl., og ákvæði er varða klám og mansal (sjá fskj. 2).

Loks var leitað til sérfróðra aðila á Íslandi, en það voru: Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, Guðrún Jónsdóttir, talskona Stigamóta, Brynhildur Flóvenz, aðjunkt (nú lektor) við lagadeild Háskóla Íslands, Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Hörður Jóhannesson yfirlöggregluþjónn og Erlingur Jónsson rannsóknarlögregluáður.

2 Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: áfangaskýrsla, 2001. Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, 16. apríl 2002.

3. HUGTAKIÐ VÆNDI

Hugtakið vændi hefur ekki verið skilgreint í lagatexta en um refsinaemi þess er fjallað í 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.“

Einföld skilgreining á vændi í sinni rúmustu mynd gæti verið sú að einstaklingur selji líkama sinn til samræðis eða annarra kynmaka. Það er skilningur starfshópsins að vændi feli þannig í sér tvo meginþætti:

- a. Að tiltekna kynlífsathafnir, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök, eigi sér stað.
- b. Að um sé að ræða greiðslu, eða loforð um greiðslu, eða annan ávinning fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Í þessu tilliti koma ekki einungis til álita beinar peningagreiðslur, heldur og ýmiss konar önnur verðmæti og ígildi peninga, svo sem húsnæði, utanlandsferðir, áfengi, fíkniefni o.fl.

Í skýrslu þessari er fjallað um hugtakið vændi út frá ofangreindum forsendum.

Hugtakið vændi er nokkuð vandmeðfarið út frá hefðbundinni notkun íslenskrar tungu. Orða-
bókarskýring vændis er: *það að e-r leyfir við sig kynmök gegn gjaldi eða skipuleg atvinnu-
starfsemi við sölu kynmaka*; með öðrum orðum einhvers konar viðskipti með kynlíf. Þótt talað sé um að stunda vændi, sem sagt að stunda slík viðskipti, liggur ekki beint við að hægt sé að kaupa eða selja vændi, enda eru kaupendur ekki að sækjast eftir vændi sem slíku heldur þeim

kynlífsathöfnum sem viðskiptin fela í sér. Þrátt fyrir þessa annmarka leyfa höfundar þessarar skýrslu sér að tala um kaup og sölu á vændi.

Vændi hefur í umræðunni verið skilgreint sem sýnilegt eða dulið. Með sýnilegu vændi er átt við vændi þar sem stofnað er til vændisviðskiptanna á almannafæri, og er hér einkum átt við hið svokallaða „götuvændi“. Dulið vændi, eins og það hefur verið kallað til mótvægis við sýnilegt vændi, þótt ekki sé það að öllu leyti réttnefni, á sér stað innan dyra, t.d. í íbúðum, á vændishúsum, á hótelum eða gistihúsum. Talið er að stærstur hluti vændissölu fari fram innanhúss og ýmsar vísbendingar eru um að hún hafi færst þangað í auknum mæli. Ástæður þess hafa öðrum þræði verið raktar til nútímatæknivæðingar, svo sem með aukinni notkun netsins og farsíma.

Auk sýnilegs og dulins vændis hefur verið fjallað um nauðarvændi sem eina tegund vændis, en það vísar til þess þegar einstaklingur selur öðrum kynmök sér til lífsviðurværis.³ Í almennum skilningi vísar nauðarvændi jafnan til þess þegar einstaklingur selur öðrum kynmök út úr neyð, enda sjái hann/hún ekki aðra leið til að afla sér lífsviðurværis; eiturlyfja, húsaskjólis o.s.frv.

Eins og vikið er að síðar í þessari skýrslu hefur verið litið á vændi með mismunandi hætti í löggjöf einstakra ríkja. Sænsk löggjöf byggist á því að í vændi birtist kynbundið ofbeldi karla gagnvart konum, þar sem ójafnræði sé á milli aðila – að einstaklingar, sem selji vændi, séu veikari aðilinn, notaðir af kaupandanum, sbr. nánari umfjöllun um sænsku löggjöfina í kafla 5.2. Sé þetta óviðunandi í landi þar sem jafnræði kynjanna eigi að ríkja.

Í hollenskri löggjöf er aftur á móti litið á vændi sem atvinnugrein. Hver einstaklingur hafi frjálsan vilja og geti því valið sér þá atvinnu sem hann vill stunda. Þá hefur Evrópudómstóllinn lagt til grundvallar í dómi, sem varðaði synjun aðildarríkis á að veita vændiskonum dvalarleyfi til þess að þær gætu stundað vændi sem sjálfstætt starfandi einstaklingar, að vændi feli í sér atvinnustarfsemi (e. *economic activity*) sjálfstætt starfandi einstaklings, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.⁴

Af þessu má glögglega sjá að ekki er einhlítt hvernig litið er á vændi, og fleiri sjónarmið koma til. Í nýlegri skýrslu starfshóps á vegum norska dómismálaráðuneytisins, sem fjallaði um kaup á vændi í Svíþjóð og Hollandi,⁵ og sem nánar er vikið að í kafla 7.1, er nánari umfjöllun um álitaeftnið. Þar er því haldið fram að skoðanir eða sýn á vændi sé byggð á tveimur meginsjónar-

3 Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: áfangaskýrsla, 2001, bls. 23–30.

4 Dómur í máli nr. 268/1999, Aldona Malgorsata Jany o.fl. gegn Staatssecretaris van Justitie frá 20. nóvember 2001. Dóminn má finna með því að slá inn númer hans á eftirfarandi slóð: http://europa.eu.int/eur-lex/en/search/search_case.html. Sjá nánar um þetta í kafla 1.6.3.2 í skýrslunni: *Sexkjöp í Sverige og Nederland, reguleringer og erfaringer*, 2004.

5 *Sexkjöp í Sverige og Nederland, reguleringer og erfaringer*, 2004.

miðum; annars vegar að vændi byggist ávallt á þvingun eða nauðung og hins vegar að vændi sé frjáls, lögmæt athöfn í viðskiptalegum tilgangi.

Í tilvitnaðri skýrslu segir að önnur sjónarmið komi einnig til og eru þau þar aðgreind og flokkuð í kynjasjónarmið, jafnréttissjónarmið, mannréttindasjónarmið og alþjóðasjónarmið:

Kynjasjónarmið lúta að því að skoða vændi út frá þeim aðstöðumun sem ríkir á milli konunnar sem selur vændi og karlsins sem kaupir það.

Jafnréttissjónarmið horfa til þess að vændi sé í raun afsprengi ójafnrar stöðu kynjanna; það að kona noti líkama sinn sem söluvöru sé bein afleiðing af lakari stöðu hennar í samfélaginu. Jafnframt eru rök fyrir því að jafnréttissjónarmið feli jafnframt í sér að einstaklingar sem selja kynlíf eigi að vera eins settir og þeir sem stunda annars konar atvinnu.

Mannréttindasjónarmið leggja áherslu á að sérhver manneskja eigi rétt á frelsi, mannvirðingu og lífi án þvingunar. Á hinn bóginn sé þeim sem ekki njóta réttinda í tengslum við starf sitt í raun ókleift að tryggja mannréttindi sín. Tengist þetta mjög jafnréttissjónarmiðum.

Alþjóðasjónarmið vísa til þess að til þurfi að koma samstillt átak alþjóðasamfélagsins svo að unnt verði að vinna bug á vændi og mansali. Sé það ekki gert færist vandinn aðeins til en hverfi ekki.⁶

Þótt eflaust megi bæta við þessa upptalningu sýnir hún glögg að ólík sjónarmið ríkja um vændi og var starfshópurinn þar engin undantekning, eins og rakið er í kafla 13 hér á eftir.

⁶ Sama skýrsla, kaflar 1.7.1–1.7.6.

4. VÆNDI Á ÍSLANDI

Það hefur verið erfiðleikum bundið bæði hérlendis og erlendis að fá fram haldgóðar upplýsingar um umfang og eðli vændis. Starfshópurinn hefur kynnt sér þær örfáu rannsóknir og skýrslur sem gerðar hafa verið hér á landi þar sem þessu viðfangsefni eru gerð skil. Í þessum kafla verður leitast við að lýsa helstu niðurstöðum þessara athugana í stuttu máli.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins var í upphafi árs 2001 tekin saman skýrsla um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, sem unnin var af Rannsóknnum & greiningu ehf. Markmið skýrslunnar og rannsóknarinnar sem hún byggðist á var að svara þeirri spurningu hvort vændi fyrirfyndist á Íslandi og ef svo væri, í hvaða mynd það birtist. Niðurstöður leiddu í ljós að vændi á sér stað á Íslandi meðal þeirra hópa sem athuginin náði til, það er annars vegar meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu og hins vegar tengt starfsemi nektardansstaða. Fjallað er í skýrslunni um nauðarvændi meðal unglunga, þ.e. barna frá 13 til 18 ára. Í skýrslunni segir að vændi sem unglingar í vímuefnaneyslu stundi megi kalla nauðarvændi (e. *survival sex*) en það virðist í meginhluta tilvika stundað í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis. Um vændi meðal fullorðinna einstaklinga segir að það virðist vera skipulagðara og hópur kaupenda orðinn afmarkaðri og skiptin reglulegri. Slíkt vændi fari oft fram í heimahúsum eða á öðrum umsömdum stöðum. Þá sé tilviljanakennt götuvatni einnig til staðar meðal eldri einstaklinga en þar komi oft við sögu meiri vímuefnaneysla og ofbeldi. Þeir einstaklingar sem fari markvissari leiðir til að nálgast viðskiptavini geri það meðal annars í gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínunum og á netinu. Þá vekur athygli að með tilkomu nektardansstaða virðast einstaklingar í vændi nýta sér þá til að komast í samband við hugsanlega viðskiptavini.⁷

Í kjölfar þessarar skýrslu var gerð frekari athugun á vændi unglunga á vegum Rannsókna & greiningar, en niðurstöður hennar voru birtar í sérstakri skýrslu á árinu 2003. Þar var leitast við að lýsa vændi meðal ungs fólks á Íslandi og athuga í hvaða myndum það birtist. Niðurstöður leiddu í ljós að vændi ungs fólks á Íslandi væri bæði skipulagt og tilviljanakennt innan sem utan félagahópsins og að það birtist í ýmsum myndum. Vændi væri stundað af báðum kynjum, oft í skiptum fyrir peninga, vímuefni, húsaskjól, mat eða annað sem ungmennin vanhagaði um eða til að bjarga sér við erfiðar aðstæður. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að það hafi vakið athygli að niðurstöður kannana á meðal framhaldsskólanema leiddu í ljós að marktækt fleiri strákar en stúlkur sögðust hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þetta sé þó í samræmi við niðurstöður nýlegra erlendra rannsókna á þessu sviði. Hins vegar hafi verið nokkuð ósamræmi milli þessara niðurstöðna og ummæla margra viðmælenda í rannsókninni. Tekið er fram í skýrslunni að þörf sé frekari rannsókna um vændi meðal ungmenna, ekki síst hjá strákum. Þá er enn fremur lögð áhersla á frekari rannsóknir á ólíkum birtingarmyndum vændis til að varpa skýrara ljósi á tengsl misnotkunar í æsku og vændis.⁸

7 Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: áfangaskýrsla, 2001, bls. 7–8.

8 Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, 2003, bls. 165–170.

Í verkefni sem unnið var af Drífu Snædal, framkvæmdastýru hjá Samtökum um kvennaathvarf, er kynlífsmarkaðurinn hér á landi skoðaður. Í verkefninu er kynlífsmarkaðurinn á Íslandi skilgreindur sem: Nektardansstaðir, nuddstofur, vændi, myndbönd, símaþjónusta, tímarit, fylgdarþjónusta, vefsíður, sjónvarpsútsendingar og auglýsingar þar sem kynlíf er beinlínis verslunaryggra. Fram kemur að þar sem stór hluti markaðarins sé neðanjarðar hafi verið ákveðið að skoða yfirborðið og gera grein fyrir fjárhagslegu umfangi og starfseminni almennt. Niðurstöðurnar hafi verið að hinn „löglegi“ kynlífsmarkaður velti í það minnsta 650 milljónum á ári og við hann starfi um 123–159 manns. Séu erótísku nuddstofurnar teknar með hækki veltan í 850–950 milljónir og starfsmannafjöldinn aukist um að minnsta kosti níu manns. Í verkefninu segir jafnframt að kynlífsmarkaðurinn virðist vera aðsópsmikill hér á landi en þetta sé jafnframt sá markaður sem sé einna fyrstur til að nýta sér tækninýjungar og finna sér nýjan farveg. Þannig er því spáð að með þriðju kynslóð farsíma verði unnt að panta klámmyndir í gegnum síma og sömuleiðis muni gagnvirkni netsins í þjónustu kynlífsmarkaðarins aukast.⁹

Starfshópurinn bauð til sín gestum til að afla sér frekari vitneskju um umfang og eðli vændis hér á landi, eins og nánar er rakið í 12. kafla skýrslu þessarar. Gestir voru sammála um að hér á landi væri stundað vændi. Að einhverju leyti væri það sýnilegt, en að mestu dulið. Ekki fengust einhlítar upplýsingar um hvaða aldurshópar væru þar mest áberandi, en í máli eins gestanna kom fram að hann teldi að vændi væri algengast hér á landi meðal ungs fólks og barna. Ekki höfðu slík mál þó verið kærð eða leitt til rannsóknar hjá lögreglu. Þá voru margir gestanna þeirrar skoðunar að lagasetning, sem gerði kaup á vændi refsiverð, hefði almenn varnaðaráhrif og væri til þess fallin að minnka eftirspurn, og þar með framboð. Jafnframt komu fram sjónarmið um að yrði sú leið farin myndi sýnilegt vændi aukast hér á landi. Sjá nánari umfjöllun um þetta í 12. kafla.

Eins og fram hefur komið leiða íslenskar rannsóknir í ljós að vændi er stundað hér á landi og jafnframt hefur birtingarmynd vændis verið rannsökuð, einkum meðal ungs fólks. Meira þarf þó til og er stór hluti vændisumhverfisins í raun órannsakaður eins og áður hefur verið vikið að.

Börn og ungmenni njóta sérstakrar verndar samkvæmt breytingu sem gerð var með lögum nr. 14/2002, um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem mælir fyrir um refsineami þess að greiða barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þrátt fyrir þessa lagabreytingu virðast slík mál ekki hafa verið kærð eða leitt til rannsóknar hjá lögreglu (sbr. frásögn lögreglumanna, sjá 12. kafla). Enn fremur hafa áhrif þessarar lagasetningar ekki verið rannsökuð. Að sama skapi hefur vændi karlmannna hér á landi lítið sem ekkert verið rannsakað.

⁹ Drífa Snædal, *Kynlífsmarkaður í mótun*, 2003, bls. 56.

Könnun var gerð árið 2003 á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands um viðhorf Íslendinga til vændis og kynlífsþjónustu (sjá fskj. 3). Meirihluti svarenda (70,1%) var sammála því að það ætti að vera ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu. Þá var meirihluti svarenda (80,6%) ósammála því að það ætti að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu. Þannig virðist meirihluti landsmanna fylgjandi því að banna bæði kaup og sölu vændis.

5. KAUP Á VÆNDI

5.1 Íslensk löggjöf

Ákvæði þar sem mælt er fyrir um refsinaemi þess að kaupa kynlíf af fullorðnum einstaklingi er ekki að finna í íslenskri löggjöf.

Fjallað var um álitaeftnið í títtnefndri skýrslu nefndar dómsmálaráðherra sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, frá 16. apríl 2002. Nefndin taldi mjög margt mæla með því að gera kaup á kynlífsþjónustu refsiverð en taldi þó að ekki yrði horft fram hjá göllum sem því fylgdu.

Þar bæri fyrst að nefna hættuna á að starfsemin færi neðanjarðar, í öðru lagi hættuna á því að vændismiðlarar yrðu ósnertanlegri en áður þar sem mikilvæg vitni, kaupendur kynlífsþjónustu, fengjust ekki til að bera vitni. Enn fremur var bent á sönnunarvandann.

Að svo stöddu taldi nefndin ekki ráðlegt að taka svo stórt skref að gera kaup á vændi fullorðinna einstaklinga refsiverð en benti þess í stað á önnur úrræði, svo sem reglusetningu á öðrum sviðum er tengdust vandanum, svo sem banni við einkadansi á næturlúbbum og setningu skýrari reglna um þá starfsemi sem þar væri leyfileg.

Nefndin taldi ástæðu til stefnumótunar í sambandi við starfsemi næturlúbbanna. Sporna þyrfti við þeirri menningu sem verður til í kringum slíka staði í miðbæjum. Nefndin lagði til að settar yrðu reglur um að ekki mætti veita leyfi fyrir næturlúbbum í of mikilli nálægð við hver annan, ekki of nálægt miðbæjum sveitarfélaga og ekki nálægt íbúðahverfum, skólum og öðrum opinberum byggingum.¹⁰ Einnig að settar yrðu reglur sem bönnuðu snertingu við dansara, einkadans og reglur um ákveðna fjarlægð milli dansara og gesta. Þá benti nefndin á að brotalöm hefði verið í atvinnuleyfamálum dansara og dæmi væru um tvöfalda samninga þeirra við staðina. Nefndin benti á mikilvægi þess að skerpa eftirlit lögreglu með næturlúbbum til að tryggja að þar væri ekki stunduð ólögleg starfsemi og að lögreglan hefði frumkvæði að rannsóknum í stað þess að byggja á upplýsingum sem til hennar bærust. Þá þyrfti að styrkja samvinnu á milli lögreglu, útlendingaeftirlits og eftirlitsdeilda skattstjóra.¹¹

Í júlí 2002 var sett ákvæði í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík um að „þar sem heimilt er að sýna nektardans á næturlúbbi (nektardansstað) skal tryggt að sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar eru

10 Nefna má að árið 2000 var lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, breytt þannig að í 9. gr. laganna var í fyrsta sinn sett fram skilgreining á næturlúbbi sem samkvæmt henni er „veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni“, sbr. 2. gr. laga nr. 66/2000 um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði.

11 *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*, 2002, bls. 33–34, 50–53 og 60.

óheimilar.“¹² Fleiri sveitarfélög hafa tekið upp í lögreglusamþykktir sínar sambærileg ákvæði, sbr. lögreglusamþykktir fyrir Kópavogsbæ,¹³ Akureyrarbæ¹⁴ og Reykjanesbæ.¹⁵

Þá hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp til laga þess efnis að kaup á kynlífsþjónustu verði gerð refsiverð, en þau hafa ekki náð fram að ganga.¹⁶ Í greinargerð með frumvarpi því, sem lagt var fram árið 2003, segir: „Í frumvarpi þessu er lagt til að Íslendingar fari að dæmi Svía og innleiði „sænsku leiðina“ svokölluðu, sem felur í sér að ábyrgðin sé flutt af herðum þess sem selur líkama sinn yfir á herðar þess sem býr til eftirspurnina.“ Frumvarpið gerði meðal annars ráð fyrir að refsíábyrgð vegna vændis breyttist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu yrðu refsiverð en vændi sem stundað væri til framfærslu yrði ekki lengur refsivert, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

5.2 Sænsk löggjöf

Á öllum hinum Norðurlöndunum hafa stjórnvöld staðið fyrir athugun á þeirri leið að gera kaup á vændi refsiverð, svo sem nánar er rakið í 7. kafla hér á eftir. Svíar hafa einir Norðurlandþjóða sett slíkt refsíákvæði en það var lögfest með lögum nr. 408 frá 1998, *om förbud mot köp af sexuella tjänster*, sem tóku gildi 1. janúar 1999.¹⁷ Ákvæðið var hluti af lagabálki, sem kenndur er við „*kvinnofrid*“, sem þýða má sem friðhelgi kvenna, sem fól í sér endurskoðun á ákvæðum nokkurra laga.

Þrjú meginþættir lágu til grundvallar þeim tillögum sem settar voru fram í frumvarpinu um *kvinnofrid*:

Í fyrsta lagi að sporna við ofbeldi gegn konum, vændi og kynferðislegri áreitni í því skyni að undirstrika að samfélaginu þyki þetta óviðunandi háttsemi og til að auka öryggi fórnarlambanna.

12 Sbr. 2. gr. samþykktar nr. 548 16. júlí 2002 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987, með síðari breytingum. Ákvæðið er nú að finna í 3. mgr. 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg, nr. 506 3. júní 2004.

13 Sjá 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 444 10. maí 2004.

14 Sjá 4. mgr. 29. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyri, 483/1996, sbr. samþykkt um breytingu á henni nr. 552 16. júlí 2002.

15 Sjá 3. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjanesbæ, nr. 169 17. febrúar 2004.

16 Þ.e. frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 125. lþ. 1999–2000, þskj. 693, 428. mál, frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 126. lþ. 2000–2001, þskj. 840, 540. mál, frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 127. lþ. 2001–2002, þskj. 22, 22. mál og frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 130. lþ. 2003–2004, þskj. 38, 38. mál. Fyrsti flutningsmaður allra frumvarpa var Kolbrún Halldórsdóttir.

17 Lag (1998:408) om förbud mot köp av sexuella tjänster: „Den som mot ersättning skaffar sig en tillfällig sexuell förbindelse, döms – om inte gärningen är belagd med straff enligt brottsbalken – för köp av sexuella tjänster till böter eller fängelse i högst sex månader.“

Í öðru lagi að styrkja fyrirbyggjandi þætti og er því sérstaklega beint að ofbeldismönnunum.

Í þriðja lagi að tryggja að þær konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi fái fullnægjandi mót-tökur hjá yfirvöldum.¹⁸

Framangreint refsíákvæði var eins og áður segir lögfest árið 1998 með sérstökum lögum, *lag om förbud mot kjøp af sexuella tjänster*, en varð 1. apríl 2005 hluti af 6. kafla sænsku hegningarlaganna, *Brottsbalken*, og gildissviðið rýmkað þannig að refsíabyrgðin nær nú einnig til milliliða, þ.e. þeirra sem greiða fyrir vændi fyrir aðra.¹⁹

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 1998:408 kemur fram, að það séu u.þ.b. 2500 vændiskonur í Svíþjóð, þar af um 650 sem stundi götuvændi. Hver kona hafi um 50 viðskiptavinum árlega.

Í frumvarpinu er, eins og áður segir, lagt til að kaup á vændi verði gerð refsiverð í sérstökum lögum. Ríkisstjórn Svíþjóðar gefur eftirfarandi ástæður fyrir tillögu sinni:

Þótt fyrir hafi legið tillaga um að gera bæði kaup og sölu á vændi refsiverð sé það ekki sanngjarnt gagnvart þeim sem, að minnsta kosti að meiri hluta til, séu veikari aðilinn og notaðir af öðrum sem vilji fullnægja sinni eigin kynhvöt.

Það sé líka mikilvægt að hvetja þann, sem selji vændi, til að leita sér hjálpar út úr vændinu og að ekki sé hætt á að hann verði ákærður. Það liggi enginn vafi á skaðsemi vændis, hvort heldur er fyrir einstaklinginn eða samfélagið. Í tengslum við vændi sé yfirleitt stunduð umfangsmikil glæpastarfsemi af ýmsu tagi.

Auk þess sé sá, sem selur vændi, almennt í erfiðri aðstöðu félagslega. Því séu mikilvægir samfélagslegir hagsmunir fólgnir í því að berjast gegn vændi. Með því að gera kaup á vændi refsiverð sé samfélagið að lýsa andstöðu sinni við þessa háttsemi. Með banni sé líka hægt að berjast með virkari hætti en nú gegn vændi og skaðlegum áhrifum þess.

Einnig hafi refsíákvæðið varnaðaráhrif; hættan á að sæta lögreglurannsókn sé nægileg til að veita slíku banni áhrif. Götuvændi muni minnka, en auk þess beri ekki að vanmeta áhrif bannsins á hið sýnilega vændi. Umfang fylgdarþjónustu og skyldrar starfsemi muni minnka, þar sem fyrirtækjum sé í raun ómögulegt að bjóða viðskiptavinum upp á þjónustu sem sé refsivert að kaupa.

18 Regeringens proposition 1997/98:55, Kvinnofrid, kafli 4.

19 Lagen om sexualbrott, 2005:90.

Áhrif þess að gera kaup á vændi refsiverð muni líka teygja sig til hins alþjóðlega kynlífsiðnaðar. Það sé mikilvægt að Svíþjóð sýni afstöðu sína, og það muni líka styðja hópa í öðrum löndum sem reyna að vinna gegn vændi. Með því að gera kaupin refsiverð muni áhugi erlendra aðila á því að koma á fót skipulagðri vændisstarfsemi í Svíþjóð minnka.

Hvað varðar áhrif þess, að gera kaup á vændi refsiverð, á félagslega þjónustu er því vísað á bug að slíkt muni leiða til þess að starfsemin fari neðanjarðar og þar með verði ördugt að veita félagslega þjónustu. Starfsemin sé nú þegar að mestu leyti dulin. Auk þess sé ekki lagt til að refsa þeim sem selji vændi. Því verði félagsleg úrræði jafnmikilvæg eftir sem áður.²⁰

Óumdeilt er að í kjölfar framangreindrar lagasetningar dró verulega úr sýnilegu vændi í Svíþjóð, þ.e. götuvændi. Þetta kemur til dæmis fram í sænskum skýrslum, sem unnar hafa verið af opinberum stofnunum.

Árið 2000 gaf *Brottsförebyggande rådet*, sem er sænsk rannsóknar- og greiningarstofnun, út skýrslu um reynsluna af vændiskaupalögnum. Þar kemur fram að sýnilegt vændi hafi minnkað, en að ekki hafi verið rannsakað hvort lögin hafi haft í för með sér að sýnilegt vændi hafi tekið á sig mynd dulins vændis. Fram kemur að lögreglan hefur við eftirfylgni laganna beint sjónum sínum að götuvændi, þ.e. hinu sýnilega vændi. Fengu lögregluembættin til þess sérstaka fjárveitingu. Áherslur í einstökum lögregluumdæmum voru nokkuð mismunandi en víða voru sett af stað átaksverkefni tengd framkvæmdinni, m.a. voru settir á fót sérstakir hópar lögreglumanna sem sinntu eftirliti með götuvændi. Þá varð lögreglan sýnilegri en áður og þess gætt að fleiri lögreglubifreiðar væru á ferli á ákveðnum svæðum, m.a. var fylgst með bifreiðum ætlaðra kaupenda.²¹

Þá hefur *Socialstyrelsen* það verkefni að safna saman upplýsingum um umfang og þróun vændis. Gefnar voru út skýrslur árin 1999 og 2003. Í síðari skýrslunni kemur fram að sýnilegt vændi, eða götuvændi, hafi þegar minnkað í kjölfar lagasetningarinnar 1. janúar 1999 en hafi síðan þá haldist á svipuðu stigi. Í Stokkhólmi, Málmey og Norrköping stundi færri konur götuvændi en áður. Jafnframt séu kaupendur sýnilegs vændis nú færri. Umfang dulins vændis, eða vændis sem fram fer innanhúss, sé hins vegar erfiðara að meta. Ekki sé mögulegt að segja til um það hversu margar vændiskonur, sem áður stunduðu götuvændi, stundi nú vændi innanhúss. Erfitt sé að meta áhrif lagasetningarinnar, ekki síst með aukinni notkun netsins og farsíma.²² Í skýrslunni kemur einnig fram að lagasetningin hafi haft hamlandi áhrif á mansal. Eftirspurn eftir vændi sé nú minni, sem og gróðinn sem þeir, sem skipuleggi mansal, hafi vænst. Sumir,

20 Regeringens proposition 1997/98:55, Kvinnofrid, kafla 16.1, bls. 103–104.

21 *Förbud mot köp av sexuella tjänster: Tillämpningen av lagen under första året*, BRÅ-rapport 2000:4, bls. 7 og 18–26.

22 *Kämedom om prostitution*, 2003, bls. 7–8 og 22–25.

sem hafa milligöngu um vændi, upplýsi að þeir fari heldur til Noregs eða Danmerkur með starfsemi sína.²³

Í lokaskýrslu frá *Nationellt Råd för Kvinnofrid* árið 2003, sem var sænsku ríkisstjórninni m.a. til ráðgjafar um álitafni er vörðudu ofbeldi gegn konum, kemur fram að klámi er í auknum mæli dreift á netinu og í gegnum fjölmiðla og að þeir sem kaupa vændi nota netið í þeim tilgangi. Þekkingu vantar um það sem gerist á netinu. Mansal, þ.e. skipulagt þrælahald til kynlífssölu, er staðreynd í Svíþjóð og hefur beina tengingu við aðra alvarlega glæpastarfsemi. Nefndin beindi fjölmörgum ráðleggingum til ríkisstjórnarinnar, þ. á m. að rannsakað yrði sambandið á milli skerðingar á friðhelgi kvenna og kynlífsvæðingar, kláms og vændis.²⁴ Sænska ríkisstjórnin vinnur nú að aðgerðaáætlun til að berjast m.a. gegn vændi og mansali, sérstaklega verslun með konur og börn. Tillaga um aðgerðaáætlun átti að liggja fyrir í síðasta lagi 30. september 2005.²⁵ Þá hefur sænska ríkisstjórnin samþykkt áætlun til að berjast gegn fátækt og verslun með fólk í gegnum alþjóðlega þróunaraðstoð.²⁶

Ekki er fjallað sérstaklega um reynsluna af lagasetningunni í greinargerð með frumvarpi því sem varð að áðurnefndum lögum 2005:90, sem gildi tóku 1. apríl 2005, en þar eru sérlögin frá 1. janúar 1999 felld inn í sænsku hegningarlögin eins og áður segir.

Þess má geta að ráðherra jafnréttismála í Svíþjóð, Jens Orback, sagði vorið 2005 að síðan vændiskaupalögin tóku gildi 1. janúar 1999 hefði, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu og félagsmálayfirvöldum, orðið veruleg fækkun kvenna sem stunda götuvændi. Jafnframt hefði þeim körlum, sem keyptu kynlífsþjónustu, fækkað. Þá væru fyrir hendi skýrar vísbendingar um að lögin hefðu haft bein og jákvæð áhrif á mansal til Svíþjóðar og að Svíþjóð hefði nú ekki lengur aðdráttarafli fyrir þá sem skipulegðu slíka starfsemi.²⁷

Heyrst hafa gagnrýnisráddir úr röðum fræðimanna um að ekki hafi verið, með markvissum hætti, gerð heildarúttekt á því hvernig sænsku lögin hafi reynst á landsvísu og hvort tilgangi þeirra sé í raun náð.²⁸ Þá hefur verið bent á að út frá refsiréttarlegu sjónarmiði sé umrætt ákvæði óskýrt og opið fyrir túlkun. Verksaðarlýsing sé of almenn og sönnunarstaðan erfið –

23 Sama skýrsla, bls. 47–48.

24 Råd för Kvinnofrid till regeringen: Slutrapport från Nationellt Råd för Kvinnofrid, 2003, bls. 9 og 20–27.

25 Upplýsingar fundnar á heimasíðu sænsku ríkisstjórnarinnar, <http://www.regeringen.se/sb/d/2664/a/15759>.

26 Sjá: Fattigdom och människohandel – En strategi för bekämpning av människohandel genom Sveriges internationella utvecklingssamarbete, http://www.against-trafficking.org/templates/page.aspx?page_id=252.

27 Ræða Jens Orback: „Speech by the Swedish Minister for Gender Equality, Jens Orback, at the Swedish Side Event: „Legal and Other Normative Measures to Combat Trafficking in Women and Girls with a Focus on the Demand.“ 49th Session of the United Nations Commission on the Status of Women, New York, USA, 1. March 2005.“

28 Prófessor Per Ole Träskman: „*Den som betalar för sex är en brottsling*“ – *Om den svenska kriminaliseringen av sexköp som ett medel för att motverka prostitutionen*, 2005, bls. 82 og 89. Sjá einnig: Cand. Jur. Nell Rasmussen: *Menneskehandel og prostitution*, 2005, bls. 95.

sérstaklega hvað varðar sönnun þess að um sé að ræða kaup á kynlífi gegn greiðslu. Þá sé ekki ljóst hvaða hagsmuni sé verið að verja með refsíákvæðinu, sem valdi erfiðleikum við túlkun þess. Þannig sé óljóst hvaða áhrif samþykki brotaþola hafi.²⁹

Fjallað var um síðastnefnt atriði í hæstarétti Svíþjóðar árið 2001, þar sem staðfestur var dómur lægra dómstigs um að líta bæri á brotið sem brot gegn allsherjarreglu. Í dómnum var fjallað um hvaða áhrif samþykki brotaþola hefði í sambandi við að firra geranda ábyrgð (s. *ansvarsfrihetsgrund*), en í sænskum hegningarlögum er heimild til þess í ákveðnum tilvikum, þegar brotið beinist gegn einstaklingi. Talið var að orðalag ákvæðisins sem gerir kaup á vændi refsiverð væri þannig úr garði gert að líta bæri á brotið sem brot gegn allsherjarreglu og því hefði samþykki brotaþola enga þýðingu. Þetta væri ljóst þegar af þeirri ástæðu að sá, sem veitir kynlífsþjónustuna, er vitni í málinu.³⁰

29 Sbr. umfjöllun Per Ole Tråskman á bls. 83–88.

30 Dómur hæstaréttar Svíþjóðar frá 9. júlí 2001 í máli nr. B 3947-00, Nytt Juridisk Arkiv (NJA) 2001, bls. 527.

6. SALA VÆNDIS

Íslendingar eru eina Norðurlandaþjóðin sem mælir fyrir um refsinaemi þeirrar háttsemi að selja aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna. Samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga er refsivert að stunda vændi sér til framfærslu. Þannig er háttsemin því aðeins refsiverð ef unnt er að sýna fram á að það endurgjald sem hefur verið greitt hafi haft þýðingu fyrir framfærslu viðkomandi. Þá er að finna sérstaka ítrekunarheimild í 208. gr. sömu laga sem kveður á um að heimilt sé að þvingja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

Fram kemur í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra, sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, frá 16. apríl 2002 að nefndin sé þeirrar skoðunar að afnema eigi 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga og gera sölu á vændi refsilausa. Í skýrslunni var bent á að aldrei hefði reynt á 1. mgr. 206. gr. fyrir dómstólum og bent á að sönnunarstaðan samkvæmt ákvæðinu væri erfið. Í skýrslunni segir:

„Nefndin telur að þeir sem veiti kynlífsþjónustu gegn gjaldi séu í flestum tilvikum einhvers konar fórnarlömb, hvort sem þeir eru fórnarlömb fíkniefna, kynferðislegrar misnotkunar eða annarra þátta, og þurfi því á hjálp að halda. Þeir þurfi að geta átt þess kost að leita sér hjálpar án þess að eiga yfir höfði sér refsingu. Með því að gera sölu á kynlífsþjónustu að refsilausum verknaði er á engan hátt verið að hvetja til slíkrar háttsemi eða verið að lögleiða vændi. Því fer fjarri. Hér er eingöngu verið að undirstrika að þeir einstaklingar, sem leiðst hafa út í slíka ánauð, fái hjálp en verði ekki refsað. Nefndin leggur áherslu á að hér er um fórnarlömb að ræða. Þá leggur nefndin einnig áherslu á að fullt kapp verði lagt á að koma lögum yfir þá sem gera sér neyð viðkomandi einstaklinga að féþúfu, vændismiðlarana.

Á það hefur verið bent að afnám á refsingu við sölu á kynlífsþjónustu geti haft þær afleiðingar í för með sér að vændi verði sýnilegra en góðu hófi gegnir, þ.e. í formi götuvændis. Víða í þeim löndum þar sem sala á vændi er ekki refsiverð eru ákvæði í lögum um að ósiðleg eða hneykslanleg hegðun á almannafæri sé refsiverð. Slík ákvæði eru t.d. í sænsku og norsku hegningarlögunum. Fram kemur þó í samantvívurðarskýrslu um norræna löggjöf að þetta ákvæði sé lítið notað í Noregi og nánast „en sovende paragraf“. Þá hefur þörf Svía til að notast við ákvæðið í þessum tilgangi dvínað þar sem allt sýnilegt vændi nánast hvarf af götunum þegar kaup á vændi voru gerð refsiverð. Nefndin leggur áherslu á að virkt ákvæði verði í löggjöfinni sem gerir refsivert að bjóða sölu á kynlífsþjónustu á almannafæri. Telur nefndin að brot gegn slíku ákvæði eigi að varða sektum.“³¹

31 *Skýrsla nefndar sem var falið að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*, 2002, bls. 30–31.

Eftir að framangreint var ritað hefur reynt á 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, sbr. dóm *Héraðsdóms Reykjaness frá 31. október 2003 í máli nr. S-859/2003*:

Ákærða X var dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu og var henni gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 500.000, fyrir brot gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, með því að hafa á u.þ.b. níu mánaða tímabili veitt fjölda karlmanna kynlífsþjónustu með því að hafa við þá samfarir eða önnur kynferðismök. Hafði hún á tímabilinu a.m.k. kr. 9.000.000 í tekjur af þessari starfsemi sinni.

Þótti engum vafa undirorpið að ákærða hefði haft framfærslu af vændisstarfsemi sinni. Við ákvörðun refsingar var horft til þess að ekki væri við fordæmi að styðjast. Þá var litið til þess að vændisstarfsemi ákærðu taldist umfangsmikil. Á móti kom að þáttur meðákærða Y í því að hún hóf að stunda vændi og framganga hans meðan á því stóð var til þess fallið að hafa áhrif til mildunar á refsingu hennar. Aðstæður hennar að öðru leyti voru ekki taldar með þeim hætti að til refsimildunar horfði.

Í dómnum segir að ekki verði séð að örbirgð eða önnur félagsleg neyð, svo sem áfengis- eða vímuefnavandi, hafi leitt ákærðu út á braut vændis, en slíkar ástæður hafi jafnan verið taldar valda því að einstaklingar neyðist til að framfleyta sér á þennan hátt.

Meðákærði Y var talinn hafa átt þátt í að ákærða X hóf að stunda hina refsiverðu starfsemi og að hann hefði með framgöngu sinni stuðlað með beinum hætti að því að viðhalda henni. Var talið sannað að hann hefði haft viðurværi sitt af vændi meðákærðu. Brot hans varðaði við 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga og þótti refsing hæfilega ákveðin skilorðsbundið fangelsi í sex mánuði. Brot hans taldist tæma sök gagnvart hlutdeildarbroti gegn 1. mgr. 206. gr., sem ákæra á hendur honum tók enn fremur til.

Við ákvörðun refsingar Y var litið til sakaferils hans og þess að hann og ákærða X höfðu gengið í hjónaband. Í séráliti eins dómarans, en dómurinn var fjölskipaður, var háttsemi ákærða Y talin svo alvarleg að ekki væru rök til að skilorðsbinda refsingu hans að öllu leyti. Þegar hins vegar væri virt að ákærðu gengu í hjónaband eftir að brotastarfseminni lauk þótti með tilliti til hagsmuna meðákærðu X mega skilorðsbinda refsingu hans að hluta.

Sjónarmið starfshópsins um löggjöf um sölu vændis eru rakin í kafla 12.2.

7. LÖGGJÖF ANNARRA RÍKJA OG UMFJÖLLUN ÞAR

Sú leið sem Svíar hafa farið, að gera kaup á vændi refsiverð og sem fjallað er um í 5. kafla hér að framan, hefur verið tilefni umfjöllunar í Danmörku, Finnlandi og Noregi eins og lýst verður nánar í þessum kafla. Jafnframt er fjallað um löggjöf nokkurra annarra ríkja.

7.1 Noregur

Á vegum norska dómsmálaráðuneytisins var unnin skýrsla af starfshópi sem var sérstaklega falið að bera saman og meta reynslu af sænsku vændiskaupalögnum annars vegar og reynslu Hollendinga, sem aflétu banni á rekstri vændishúsa á árinu 2000, hins vegar.³² Hér er um gerólikar leiðir að ræða bæði hvað varðar löggjöf og þá hugmyndafræði sem býr að baki.

Skýrslan sem hér um ræðir er frá 8. október 2004 og má því segja að hún sé nýjasta gagnið um reynslu Svía af vændiskaupalögnum. Starfshópurinn fór ítarlega yfir þessa skýrslu og hafði hana til hliðsjónar við vinnu sína. Það er skemmt frá því að segja að meirihluti norska starfshópsins lagði megináherslu á að kanna kosti og galla þessara tveggja leiða, þ.e. sænsku leiðarinnar og þeirrar hollensku. Hópurinn lagði ekki beint mat á hvor leiðin væri ákjósanlegri. Hins vegar má segja að skýrsluhöfundar komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að fara varlega í þessum efnunum.

Í skýrslunni eru rakin áhrif sænsku lagasetningarinnar eins og hún horfir við skýrsluhöfundum. Lögreglan sé sýnileg þar sem götuvændi sé stundað og hafi þannig veitt aðhald. Sektorrefsingar hafi verið hvað algengastar í þessum málaflokki þar sem játning liggja fyrir. Hins vegar hafi færri mál leitt til sakfellingar þegar báðir aðilar hafi neitað því að um kaup á vændi hafi verið að ræða sökum slakrar sönnunarstöðu. Þá er oft og tíðum erfitt að finna mörkin á milli vændiskaupa og „eðlilegra skyndikynna“. Einnig sé til þess að líta að refsímörk vændiskaupa-ákvæðisins séu ekki rúm og réttarfarsleg úrræði því takmarkaðri en ella. Það sé ekki síst af þessum sökum sem dómstólar í Svíþjóð geri almennt ríkar kröfur til sönnunar í málum þessum. Reynsla lögreglunnar hafi verið sú að það sé líklegast til árangurs að grípa ekki inn í atburðarásina fyrir en kynlífsþjónustan hefur í raun verið innt af hendi. Ekki verði fram hjá því litið að sú aðferð stríði gegn því markmiði laganna að koma í veg fyrir að slík háttsemi eigi sér stað.³³

Í skýrslunni er fjallað um hvort berjast eigi gegn vændi með refsilöggjöfinni. Refsiréttarnefndin þar í landi hefur lagt áherslu á að þegar ný refsilöggjöf er rædd beri ávallt að meta hvort aðrar leiðir séu færar til þess að ná settu marki. Meta verði hvort þeir hagsmunir, sem um ræðir, séu nægilega mikilvægir til að þá beri að vernda með refsingu. Einnig verði að meta hvort

32 *Sexkjöp i Sverige og Nederland, reguleringer og erfaringer*, 2004.

33 Sama skýrsla, kafla 3.5.5–3.5.7.

verknaðurinn sé nægilega alvarlegur og hvort eftirfylgni laganna eða framkvæmd þeirra verði virk. Bent sé á að aðrar aðferðir geti verið árangursríkari.³⁴

Minnihluti norska starfshópsins gagnrýndi einstaka kafla skýrslunnar og lagði á það áherslu að skort hefði frekari umfjöllun um félagsleg og heilbrigðisleg úrræði þegar lagt var mat á framkvæmd sænsku vændiskaupalaganna.³⁵

Í framhaldi af því að framangreind skýrsla kom út tók norska ríkisstjórnin ákvörðun um að beita sér ekki fyrir því að kaup á vændi yrðu gerð refsiverð.

Norska ríkisstjórnin gaf út aðgerðaáætlun gegn mansali í júní 2005, þar sem tengsl mansals og vændis eru tíunduð. Í áætluninni kemur fram á hvern hátt norska ríkisstjórnin hyggst takast á við vandann, en hún mun meðal annars leita leiða til að hjálpa konum út úr vændinu og leggja þeim lið við að koma undir sig fótunum á nýjan leik. Þá fjallar skýrslan einnig um það hvernig sjálfsákvörðunarréttur vændiskvenna til kynlífs er tekinn frá þeim og um það ofbeldi sem þær þurfa að þola. Aðgerðaáætlun norsku ríkisstjórnarinnar gildir til ársins 2008.³⁶

7.2 Danmörk

Í Danmörku var á árinu 2004 gefin út skýrsla á vegum Viden- og Formidlingscentret for Socialt Udsatte um vændi í Danmörku. Í skýrslunni má m.a. finna umfjöllun um það að gera kaup á vændi refsiverð. Leggja skýrsluhöfundar mat á sænsku löggjöfina og hvaða lærdóm megi draga af henni fyrir danskar aðstæður. Í skýrslunni kemur fram að erfitt sé að meta áhrif sænsku laganna, bæði vegna þess að þau hafi ekki verið fyllilega rannsökuð af sænskum stjórnvöldum og upplýsingar um bannið séu mjög mismunandi. Ekki sé víst að fækkun kvenna í götuvændi stafi af lagasetningunni, ástæðurnar geti einnig verið að sambandi milli kaupenda og seljenda vændis sé komið á í gegnum netið eða farsíma. Í Danmörku sé einnig um að ræða minnkun götuvændis, en það stafi af notkun farsíma við að koma á umræddu sambandi. Þá sé hlutfall þeirra karla, sem keypt hafi vændi, svipað í Danmörku og Svíþjóð, en búast hefði mátt við, út frá jákvæðum viðhorfum sænskra karla til bannsins, að hlutfall þeirra hefði verið mun lægra en danskra karla. Þær breytingar, sem orðið hafi á vændi, gætu hafa verið orsakaðar af því að hluti vændisins hafi flust frá Svíþjóð, og til séu vísbendingar um það. Ómögulegt sé því að segja hvort bannið hafi þýtt að raunverulega færri karlar kaupí vændi. Ekki er í skýrslunni mælt með að farin sé sú leið að gera kaup á vændi refsiverð heldur eru lagðar til félagslegar úrbætur og aðrar aðferðir.³⁷

34 Sama skýrsla, kafli 8.

35 Sama skýrsla, kafli 9 og 11.

36 Regjeringens handlingsplan mot menneskehandel (2005–2008). Handlingsplan. 2005. Sótt: 28. janúar 2006. Áætlunin er aðgengileg á vefslóðinni http://odin.dep.no/filarkiv/251306/handlingsplan_mot_menneskehandel.pdf.

37 *Redegørelse om prostitution i Danmark: Oplæg til en handlingsplan på prostitutionsområdet*, bls. 130–133.

Danska ríkisstjórnin hefur ekki svo kunnugt sé áform um að gera kaup á vændi refsiverð. Lene Espersen, dómsmálaráðherra Dana, lýsti þeirri skoðun árið 2003 að það væru mörg vandkvæði á því. Það myndi m.a. skapa hættu á að vændið færi neðanjarðar. Þá yrði erfiðara fyrir félagsmálayfirvöld að komast í samband við þá einstaklinga, sem byðu vændi, og þyrftu á hjálp að halda.³⁸

Danska ríkisstjórnin gaf út aðgerðaáætlun gegn mansali í desember 2002, þar sem m.a. var gerð grein fyrir tengslum mansals og vændis í Danmörku. Í áætluninni kemur fram að þótt ekki sé vitað um fjölda þeirra erlendu kvenna sem stunda vændi í Danmörku þá megi reikna með að vændiskonum frá Þriðjaheims löndum og Austur-Evrópu hafi fjölgað tífalt á árunum um og fyrir aldamótin. Aðgerðaáætlunin gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin setji fram tillögur um félagslegan stuðning við fórnarlömb mansals, svo að þau geti losnað út úr vændinu og undan áhrifum þeirra sem stunda verslun með fólk.³⁹

7.3 Finnland

Í Finnlandi hefur sænska vændiskaupaákvæðið einnig verið til skoðunar og árið 2003 var sett í lög ákvæði er leggur bann við að kaupa eða bjóða gegn greiðslu vændi á almannaþæri.⁴⁰

Starfshópur, skipaður af finnska dómsmálaráðherra til að fjalla um mansal, vændi o.fl., hafði í sambandi við þessa lagabreytingu lagt til að vændiskaup yrðu gerð refsiverð, en ekki náðist samkomulag um að sú leið yrði farin. Talið var nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um framkvæmd fyrrgreindra laga frá 2003, um kaup og sölu vændis á almannaþæri, og að fylgjast með alþjóðlegri þróun, sérstaklega hvað varðaði samningaviðræður um Evrópuráðs-samning gegn mansali.⁴¹

22. desember 2005 lagði finnska ríkisstjórnin fram frumvarp um að fara „sænsku leiðina“. Samkvæmt því verður maður sekur um kaup á vændi við það að fá einhvern til samræðis eða annarra kynferðismaka með því að greiða eða lofa greiðslu fyrir. Einnig skuli sá dæmdur fyrir kaup á vændi, sem greiðir vændismiðlara fyrir að hafa milligöngu um vændið. Lagt er til að refsing fyrir kaup á vændi varði sektum eða fangelsi í allt að sex mánuði. Einnig verði refsivert að gera tilraun til að kaupa vændi. Nú þegar hafa Finnar lögleitt ákvæði sem gerir það refsivert að kaupa vændi af ungmönnum undir 18 ára aldri og liggja við því strangari viðurlög en gert er ráð fyrir í hinu nýja ákvæði. Samkvæmt gildandi lögum er í Finnlandi refsivert að kaupa og selja vændi á opinberum

38 Redegørelse om prostitution i Danmark, bls. 130.

39 Regeringens handlingsplan til bekæmpelse af kvindehandel. Desember 2002. Sótt: 28. janúar 2006. Áætlunin er aðgengileg á vefslóðinni http://www.lige.dk/Files/PDF/handlingsplan_kvindhandel.pdf.

40 Ordningslag 27.6.2003/612, 7.1: „Det är förbjudet att på allmän plats köpa och mot betalning erbjuda sexuella tjänster. Med sexuella tjänster avses i denna lag samlag enligt 20 kap. 10 § 1 mom. strafflagen (39/1889) samt därmed jämförbara sexuella handlingar. I 20 kap. 8 § strafflagen föreskrivs om straff för köp av sexuella tjänster av ung person.“ Sjá lögin á slóðinni <http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2003/20030612>.

41 Regeringens proposition till Riksdagen med förslag till lag om ändring av strafflagen och vissa lagar som har samband med den (RP 34/2004).

stöðum, eins og áður segir, en nýja ákvæðið gildir um kaup og sölu á vændi óháð staðnum sem um ræðir. Þá nær ákvæðið einnig til kaupa á vændi gegnum síma og á netinu. Meginrök finnsku ríkisstjórnarinnar eru þau að draga þurfi úr vændi og þar með efla sjálfsákvörðunarrétt til kynlífs. Ríkisstjórnin telur frumvarpið líklegt til að skila árangri, lagabreytingin sé til þess fallin að auka félagslegt jafnrétti og jafnrétti kynjanna, auk þess sem hún muni torvelda glæpi eins og verslun með fólk og hórmanng.⁴²

Er gert ráð fyrir því að þingmenn greiði atkvæði um frumvarpið vorið 2006.

7.4 Holland

Eins og rakið var í kafla 3 hafa yfirvöld í Hollandi farið aðra leið en í Svíþjóð. Að baki býr önnur hugmyndafræði og önnur skilgreining á vændi en sænski löggjafinn hefur lagt til grundvallar. Má það öðrum þræði rekja til þess að umfang vændis þar í landi er margfalt meira heldur en t.d. á Norðurlöndunum og hefur það viðgengist um árabil án nokkurra teljandi afskipta ríkisvaldsins.

Ákveðið var að fara þá leið að líta á vændi sem hluta af samfélaginu og það er því viðurkennd starfsgrein hjá einstaklingum 18 ára og eldri og vændismiðlun heimil. Þar í landi eru í gildi ítarlegar reglur um hagnýtingu vændis þegar um þvingað vændi er að ræða svo og ákvæði um mansal. Til þess að stemma stigu við óæskilegri þróun tengdri slíkum brotum var gripið til þess ráðs að setja reglur um rekstur vændishúsa en frá 1. október 2000 var heimilt að reka slíka starfsemi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eftirlit með því að þær reglur séu virtar eru í höndum sveitarfélaganna og varðar brot á þeim afturköllun rekstrarleyfis. Halda yfirvöld því fram að þetta fyrirkomulag auðveldi þeim rannsókn á mansalsmálum þar sem gagnsæi sé mikið. Þá leiti vændiskonur síður til þeirra sem stunda ólöglega starfsemi og sé því erfiðara fyrir þá sem stunda mansal að ná í viðskiptavini.

Götuvændi í Hollandi er heimilt á ákveðnum svæðum þar sem ákveðinn „afgreiðslutími“ gildir og er fylgst með þeim svæðum sérstaklega. Þá þurfa vændiskonur að hafa dvalarleyfi í landinu og njóta þær þá ákveðinna réttinda og eiga greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu, tryggingum og öðru slíku. Bent hefur verið á að þetta kerfi sé ekki gallalaust þrátt fyrir viðleitni til þess að bæta velferð vændiskvenna. Hjá því verði ekki litið að stór hluti vændiskvenna, m.a. þær sem ekki hafa dvalarleyfi eða þær sem eiga við fíkniefnavanda að stríða, stunda „svarta vinnu“, og geta hæglega orðið fórnarlömb vændismiðlara og þeirra sem stunda mansal. Beri þess að geta

42 Regeringens proposition med förslag till lag om kriminalisering av köp av sexuella tjänster samt till godkännande av tilläggsprotokollen till FN:s konvention om människohandel och smuggling av invandrare samt sättande i kraft av de bestämmelser som hör till området för lagstiftningen (RP 221/2005 rd). Lagt fram á finnska þinginu (Riksdagen) 22.12.2005. Sótt: 28. janúar 2005. Frumvarpið er aðgengilegt á vefslóðinni <http://www.finlex.fi/sv/esitykset/he/2005/20050221.pdf>.

að erlendar vændiskonur eru í meirihluta þar í landi. Um þá neðanjarðarstarfsemi sem þrífst í Hollandi sé lítið vitað og lögreglan sé úrræðalítill í baráttunni gegn henni.⁴³

7.5 Þýskaland

Í Þýskalandi var á árinu 2002 farin sama leið og í Hollandi enda glíma yfirvöld þar í landi við sömu vandamál. Þar í landi eru þeir sem vændi stunda flestir af erlendu bergi brotnir og kemur stærsti hluti þeirra frá fyrrverandi austantjaldslöndum. Þeir sem stunda löglegt vændi verða að hafa dvalarleyfi í landinu en sú er síður en svo alltaf raunin. Markaður fyrir mansal í Hollandi og Þýskalandi er því gífurlega stór.⁴⁴

43 Sjá um þetta nánar skýrsluna *Sexkjöp i Sverige og Nederland, reguleringer og erfaringer*, 2004, kafli 4 og VFC Socialt Udsatte – *Redegørelse om prostitution i Danmark: Oplæg til en handlingsplan på prostitutionsområdet*, 2004, bls. 121–124.

44 Sjá nánar um þetta í VFC Socialt Udsatte – *Redegørelse om prostitution i Danmark: Oplæg til en handlingsplan på prostitutionsområdet*, 2004, bls. 124–127.

8. HAGNÝTING EÐA MILLIGANGA UM VÆNDI

Í 2.–5. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga er að finna ákvæði sem lúta að hagnýtingu vændis á ýmsan hátt. Samkvæmt 2. mgr. skal sá sæta fangelsi allt að 4 árum sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra. Samkvæmt dómi *Héraðsdóms Reykjaness frá 31. október 2003* var annar ákærðu m.a. dæmdur fyrir brot á þessu ákvæði, sbr. umfjöllun í 6. kafla. Markmið þessa ákvæðis er einkum að koma í veg fyrir að milligöngumenn notfæri sér lauslæti annarra en skilyrði er að það sé gert í hagnaðarskyni.

Það varðar enn fremur 4 ára fangelsi að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti, sbr. 3. mgr. 206. gr. laganna. Af orðalagi ákvæðisins, sem og samanburði við ákvæðin í 1. og 2. mgr. sömu greinar, má sjá að verknaðurinn er refsiverður þótt hann sé ekki framinn í hagnaðarskyni. Sömu refsingu varðar það að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um tilgang fararinnar, sbr. 4. mgr. 206. gr. Ekki skiptir máli um refsinaemi verknaðarins hvort viðkomandi var kunnugt um tilgang fararinnar hafi hann verið undir tilgreindum aldursmörkum. Hafi viðkomandi verið yfir 21 árs er skilyrði refsíabyrgðar milligöngumannsins að honum hafi ekki verið kunnugt um tilgang fararinnar.

Samkvæmt 5. mgr. 206. gr. skal hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru. Í greinargerð er nefnt sem dæmi að hér geti einnig fallið undir útvegum ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milliganga um að manneskja háð fíkniefnum eigi kynferðismök gegn greiðslu í einstakt skipti eða oftár.

Eins og sést hér að framan eru ákvæði almennra hegningarlaga sem lúta að hagnýtingu eða milligöngu um vændi nokkuð víðtæk og eru þau í takt við þau ákvæði sem er að finna um hagnýtingu vændis í refsilögum hinna Norðurlandabjódanna. Um suma þætti eru ákvæði íslenskrar löggjafar víðtækari. Má sem dæmi nefna að ákvæði almennra hegningarlaga um hagnýtingu vændis eru nær samhljóða ákvæði danskrar löggjafar, en 4. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga er þó víðtækari en sambærilegt ákvæði danskra laga þar sem eingöngu er lögð refsing við að flytja ungmenni úr landi í hagnaðarskyni en ekki til landsins.⁴⁵

Þess má geta að verknaðarlýsing þeirra málsgreina 206. gr. almennra hegningarlaga sem hér hafa verið raktar fellur undir þá háttsemi sem lýst er í mansalsákvæði almennra hegningarlaga, 227. gr. a, en þar er talað um „að notfæra sér mann kynferðislega“.

45 Sjá um þetta skýrslu dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., 126. lþ., þskj. 625, 51. mál.

9. BARNVÆNDI

Samkvæmt 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga skal hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök sæta fangelsi allt að 2 árum. Ákvæði þetta er tiltölulega nýtt en það var lögfest árið 2002 þegar lög nr. 14/2002 um breytingu á almennum hegningarlögum tóku gildi.

Í athugasemdum við frumvarpið, sem varð að fyrrnefndum lögum,⁴⁶ er vísað til þess að löggjöf hinna Norðurlandþjóðanna hafi að geyma ákvæði í hegningarlögum sínum þar sem mælt er fyrir um refsinemi þess að kaupa kynlífsþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára. Þar er vísað til athugasemda með frumvörpum þeim, er urðu að lögum í Danmörku, Finnlandi og Noregi, þar sem fram komi að bannið sé liður í því að vernda börn og spyrna gegn kynferðislegri misnotkun þeirra sem útbreidd sé víða um heim. Einnig sé þetta í samræmi við alþjóðlegt samstarf á þessu sviði sem hafi það markmið að vinna gegn kynferðislegri misnotkun barna. Með þessu sé vonast til þess að draga megi úr spurn eftir kynlífsþjónustu þessa aldurshóps. Þá komi þar fram að gera verði greinarmun á því hvort börn stundi vændi eða fullorðnir. Börn hafi venjulega ekki nægan þroska til að meta áhrif gerða sinna til lengri tíma, auk þess sem hættara sé við að þau séu misnotuð af vændismiðlurum.

Gerð var grein fyrir íslenskri rannsókn á vændi barna og ungmenna í 4. kafla hér að framan.

46 Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum), 127. lþ. 2001–2002, þskj. 192, 185. mál.

10. MANSAL

Í mansali felst hagnýting á einhverjum, oft í kynferðislegum tilgangi. Um mansal hefur einnig verið notað hugtakið „verslun með fólk“. Sérstakt refsíákvæði um mansal var sett í almenn hegningarlög, sem grein 227. a., með lögum nr. 40/2003. Greinin hljóðar svo:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmatrí nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr. eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmatum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.

Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/2003⁴⁷ segir að með hliðsjón af alþjóðasamningum sé lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði í hegningarlög um refsinaemi mansals. Þótt sú háttsemi sem fjallað hafi verið um í frumvarpinu hafi þegar verið refsinaem segir í greinargerð að með frumvarpinu sé lögð sérstök áhersla á þessi brot og refsivernd gegn þeim aukin, en brotastarfsemin beinist gegn helgustu persónuréttindum, svo sem frjálsræði.

Þess má geta í þessu sambandi að ákvæði 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga getur náð yfir mansal þegar skilyrðum ákvæðisins um langvarandi frelsissviptingu eða frelsissviptingu í ávinningsskyni er fullnægt. Refsimörk þess ákvæðis eru mun víðari en ákvæðis 227. gr. a, en samkvæmt hinu fyrrnefnda skal ekki beita fangelsisrefsingu skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

Ákvæði 227. gr. a er nánast samhljóða danska hegningarlagaákvæðinu um mansal. Þar er talinn upp sá tilgangur að nýta manneskju í kynferðislegum tilgangi, nauðungarvinna, brotnám líffæra og að hneppa manneskju í þrældóm. Þá er í báðum ákvæðunum talin upp sú verknaðaraðferð að nýta sér manneskju á annan ótilhlýðilegan hátt eða að beita ótilhlýðilegri aðferð. Það hefur ekki verið sérstaklega skýrt hvað geti falist í slíkri nýtingu en talið hefur verið að undir þetta geti fallið að nýta sér veika stöðu þolandans eða að hann sé gerandanum háður. Hefur sænska ákvæðið um mansal, sem hefur svipað orðalag, verið skýrt svo að gerandinn nýti sér annaðhvort veika aðstöðu þolandans eða að þolandi sé honum háður. Þetta geti t.d. átt við um það að notfæra sér að einstak-

47 Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal), 128. lj. 2001–2002, þskj. 1217, 567. mál.

lingur sé í veikri aðstöðu vegna nánar tiltekinna þátta. Undir þetta falli að notfæra sér það að einstaklingurinn eða þolandinn búi við bágar efnahagslegar aðstæður.⁴⁸

Í sænska mansalsákvæðinu er gerður greinarmunur á meiriháttar eða minniháttar brotum svo og tegund brots. Tímabundin fangelsisrefsing getur að hámarki verið 10 ár en lífstíðarfangelsi liggur við tilteknum brotum. Sænska ákvæðið tiltekur einnig til viðbótar við að nýta manneskju í kynferðislegum tilgangi, nauðungarvinnu eða að nema á brott líffæri, að refsinaemt sé að nýta sér manneskju í þvingunarvinnu vegna stríðs og hneppa í annars konar ánaud. Þá er refsivert að taka þátt í brotum sem þessum og varðar það sömu refsingu.

Samkvæmt norskum hegningarlögum varðar mansal allt að 5 ára fangelsi. Verknaðaraðferðir eru m.a. að misnota bágar aðstæður fólks eða beita annarri ótilhlýðilegri aðferð til að ná fram tilgangi sínum. Tilgangurinn getur verið sá að nýta manneskju í vændi eða í öðrum kynferðislegum tilgangi, nauðungarvinnu, þvingunarvinnu vegna stríðs eða til að fjarlægja líffæri hennar. Þá varðar þátttaka eða hlutdeild í mansali sömu refsingu. Gerður er greinarmunur á grófu mansalsbroti og öðrum mansalsbrotum en gróf brot varða allt að 10 ára fangelsi. Í þessu sambandi er litið til þess hvort þolandi sé undir 18 ára aldri, til grófleika brots og hvort af því hafi orðið verulegur fjárhagslegur ávinningur.

Í finnskri löggjöf er gerður samskonar greinarmunur á mansalsbrotum og í norskum hegningarlögum og varðar gróft mansalsbrot 2–10 ára refsingu. Getur stórkostlegt gáleysi einnig leitt til refsingar. Gróft mansalsbrot getur varðað 2–10 ára fangelsisrefsingu, en önnur mansalsbrot, sem ekki teljast gróf, varða fangelsisrefsingu frá 4 mánuðum til 6 ára. Það að nýta sér það að einstaklingur sé háður viðkomandi eða í varnarlausri stöðu, að afvegaleiða einstakling eða notfæra sér bágt ástand hans er meðal annars tilgreint sem verknaðaraðferð. Tilgangurinn getur auk kynferðislegs eða fjárhagslegs tilgangs verið að nýta einstakling í nauðungarvinnu eða að brjóta niður mannvirðingu einstaklings. Refsað er fyrir hlutdeild í mansalsbroti eins og samkvæmt löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum. Sé um að ræða barn undir 18 ára aldri skipta verknaðaraðferðir ekki máli við mansalsbrot og gildir sú regla alls staðar á Norðurlöndunum. Að öðru leyti er vísað til fylgiskjals 2 um þetta.

Sú birtingarmynd mansals sem hvað mest hefur verið í umræðunni er að hneppa manneskju í kynlífsánaud en undir það getur fallið að nýta hana í vændi eða í öðrum kynferðislegum tilgangi. Hefur verslun með konur til kynlífsþjónustu færst mjög í vöxt hin síðustu ár og tengist skipulagðri glæpastarfsemi um allan heim. Hefur Europol staðhæft að mansal sé nú í þriðja sæti yfir ólögmeta starfsemi, á eftir fíkniefnaviðskiptum og vopnaviðskiptum, og að mansal gefi af sér hvað mestan gróða.⁴⁹

48 Theodóra Emilsdóttir, *Mansal, m.a. samkvæmt 227. gr. a almennra hegningarlaga*, 2003, bls. 24 og 39–40.

49 Sjá um þetta Nell Rasmussen. *Menneskehandel og Prostitution*, 2005.

Að sögn Thomasar Ekmans, yfirmanns teymis sem sér um vændi og verslun með konur innan lögreglunnar í Gautaborg, er erfitt að skilja á milli vændis og mansals. Hann hefur bent á í blaðaviðtali að þrátt fyrir að til sé ein og ein kona sem vinni fyrir sjálfa sig eingöngu þá þrífist hinn raunverulegi vændismarkaður á mansali. Svo notuð séu þau orð sem höfð hafa verið eftir Ekman: „Kúnninn hefur áhuga á kynlífi. Honum er alveg sama hvort konan sem hann kaupir er til sölu af fúsum og frjálsum vilja eða hvort hún er nauðug. Hann getur aldrei vitað það. Flestar konurnar sem við höfum talað við eru fórnarlömb á einn eða annan hátt. Þær vilja ekkert vera á götunum að selja kynlíf. Maður sem kaupir stelpu sem kannski er frá Rússlandi eða öðru landi heldur að hann geti gert hvað sem er við hana. Hún getur jafnvel ekki talað tungumálið og ekki sagt honum hvað hún samþykkir og hvað ekki.“⁵⁰

50 Frétt í Morgunblaðinu 21. nóvember 2003.

11. ALÞJÓÐASAMSTARF GEGN MANSALI

Á alþjóðavettvangi hafa ríki heims í auknum mæli beint sjónum sínum að baráttunni gegn mansali. Nokkrir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Skal þar fyrstan nefna alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979, en sá samningur leggur þær skyldur á aðildarríki að vinna gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 18. júní 1985 og öðlaðist hann gildi 18. júlí sama ár. Einnig má nefna bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fjallar um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám, sem var undirrituð af Íslands hálfu 7. september 2000 og fullgilt 9. júlí 2001.

Enn fremur var hinn 15. nóvember 2000 samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, svonefndur Palermósamningur. Þá voru samþykktar bókarnir við samninginn, m.a. bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Samningurinn og bókunin voru undirrituð af Íslands hálfu 13. desember 2000 en hafa ekki enn verið fullgilt. Í dóms- og kirkjumálaráðuneyti er nú verið að fara yfir hvort, og þá hvaða, lagabreytinga sé þörf svo að fullgilda megi áðurnefndan samning.

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur einnig verið unnið að baráttunni gegn mansali. Hinn 16. maí 2005 undirritaði utanríkisráðherra nýjan samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (ETS 197).⁵¹

Þessi samningur hefur að geyma mörg ákvæði sem taka mið af ákvæðum Palermó-samningsins sem áður er nefndur. Samningurinn fjallar aðallega um verndun fórnarlamba mansals og ráðstafanir til að standa vörð um mannréttindi þeirra. Samningurinn miðar jafnframt að því að koma í veg fyrir mansal og að sækja gerendur til saka. Samningurinn nær til hvers konar mansals, hvort sem það er innanlands eða fjölþjóðlegt, og hvort sem það tengist alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki. Þá er samningurinn óháður því hvert fórnarlambið er, kona, karl eða barn, og tekur hann til hvers konar misnotkunar, svo sem kynlífsnotkunar, nauðungarvinnu o.s.frv.

Samningurinn hefur nánar tiltekið að geyma ítarleg ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir og aðrar ráðstafanir gegn mansali, svo sem ákvæði sem miða að því að draga úr eftirspurn, ákvæði sem lúta að ferðaskjölum, landamæravörslu og dvalarleyfum, ákvæði um vernd fórnarlamba, bæði áður og eftir að borin hafa verið kennsl á þau sem slík, ákvæði um aðstoð við fórnarlömb og ákvæði sem lúta að refsilöggjöf, rannsókn mála og réttarfari. Í samningnum er fórnarlömbum

51 „Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“. Þann 1. desember 2005 höfðu 23 aðildarríki Evrópuráðsins undirritað samninginn, en ekkert þeirra hefur fullgilt hann.

mansals undir 18 ára aldri veitt sérstaklega rík vernd. Þá eru ákvæði í samningnum sem gera ráð fyrir að alþjóðleg samvinna sé eflid í baráttunni gegn mansali. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er að hefjast vinna við að meta hvort, og þá hvaða, lagabreytinga sé þörf svo að fullgilda megi samninginn.

Loks má geta norrænnar-baltneskrar herferðar gegn mansali, en það er sameiginlegt átaksverkefni jafnréttis- og dómsmálaráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsþjóða í baráttunni gegn mansali. Í því átaki, sem lýkur árið 2006, felst m.a. að upplýsa almenning um mansal og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn því.⁵²

52 Sjá www.against-trafficking.org.

12. SJÓNARMÍÐ GESTA SEM KOMU Á FUND STARFSHÓPSINS

Í máli þeirra sérfróðu aðila, sem komu á fund starfshópsins, komu fram athyglisverð sjónarmið sem fara hér á eftir.

Fulltrúar Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta töldu, að gera ætti kaup á vændi refsiverð. Í því fælust almenn varnaðaráhrif og eftirspurn vændis myndi minnka. Sala einstaklings á líkama sínum væri ætíð af neyð, og ætti, af þeim sökum, að gera sölu vændis refsilausa. Þá myndu fleiri einstaklingar sem stunda vændi leita sér aðstoðar hjá lögreglu. Um ásýnd vændis hér á landi töldu gestirnir að talsvert væri um vændi, einkum meðal ungs fólks og barna. Hluti þess væri sýnilegur og yrði svo áfram, jafnvel þótt kaup á vændi yrðu gerð refsiverð. Starfsemin yrði áfram auglýst, þar sem hún lyti lögmálum markaðarins. Jafnframt væri hluti vændis þegar neðanjarðar. Myndi það ekki breytast þótt farin væri sú leið að gera kaup á vændi refsiverð. Þá bentu fulltrúarnir á nauðsyn þess að innleiða vitna- og fórnarlambavernd. Sérfræðingur í kvennarétti tók undir þessi sjónarmið.

Í umfjöllun, sem beindist að refsiréttarlegum þætti þess að gera kaup á vændi refsiverð, sagði lagaprófessor meðal annars, að liggja þyrfti ljóst fyrir, hvert væri markmiðið með nýjum refsíákvæðum og hvort líklegt væri að sett markmið næðust. Erfitt væri að meta almenn varnaðaráhrif sænsku leiðarinnar og ekki hægt að fullyrða hvort óttinn við að verða handtekinn og dæmdur fyrir kaup á vændi í Svíþjóð hefði dregið úr vændi þar í landi. Hugsanlega næðu varnaðaráhrifin til einhvers hluta þess hóps sem kaupir vændi. Áður en gerðar væru breytingar á almennum hegningarlögum í þá átt að gera kaup á vændi refsiverð væri þó nauðsynlegt að horfa til gleggri og nýrri rannsóknna á árangri sænsku lagasetningarinnar.

Fram kom í þessu sambandi að dæmi eru þess í íslenski löggjöf, svo sem í áfengislöggjöfinni, að annar aðili að ákveðinni háttsemi sé refsíabyrgur en ekki hinn. Enn fremur eru dæmi þess að margs konar skilaboð felist í lagasetningu.

Fulltrúar lögreglu sögðu að birtingarmyndir vændis hér á landi væru margskonar, en það væri dulið og illviðráðanlegt. Mestu máli skipti að draga til ábyrgðar þá sem skipulegðu vændi, væru milliliðir og nýttu sér neyð annarra. Mikilvægt væri að fá vitni í málum gegn vændismiðlurum, jafnt seljendur vændis sem kaupendur. Í sjálfu sér væri ekki markmið að ná til einstaklinga sem stunda vændi og búa við neyð. Hjá því yrði þó ekki litið að sumir nýttu vændi sem tekjulind, sbr. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness (sbr. umfjöllun í 6. kafla). Lögreglumennirnir voru spurðir um vændiskaup í málum barna og ungmenna 18 ára og yngri en þeir kváðu slík mál ekki hafa komið til kasta lögreglu.

Í máli lögreglumannanna kom fram að klám og vændi gæti vart talist til forgangsmála lögreglunnar. Þó sögðu þeir að lögreglan hefði auga með skemmtistöðum þar sem nektardans væri stundaður og fylgdist reglulega með einkamálaláttum á netinu. Lögreglumennirnir sögðu aðspurðir að erfitt væri að leggja mat á það hvort breytingar yrðu á hegðun vændiskaupenda yrðu kaup á vændi gerð refsiverð, en sögðu þó að pattstaða myndi verða uppi við rannsókn mála ef gera ætti hvort tveggja refsivert að selja og kaupa vændi.

13. ÓLÍK SJÓNARMÍÐ STARFSHÓPSINS

Í skipunarbréfi starfshópsins er þess farið á leit að „hópurinn kynni sér reynsluna af þeirri löggjöf í Svíþjóð sem gerir kaup á vændi refsiverð og meti kosti þeirrar löggjafar og galla“. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram komu í starfshópnum til þessa, þ.e. að setja í lög refsíákvæði um kaup á vændi. Um afstöðu einstakra nefndarmanna er fjallað í lokaorðum í kafla 14.

13.1 Sjónarmið um kosti þess að gera kaup á vændi refsiverð

Þeir fulltrúar í starfshópnum, sem telja að gera eigi kaup á vændi refsiverð, bentu á að markmiðið með slíku væri að útrýma eða draga úr vændi. Aðstöðumunur milli kaupanda vændis og þess, sem selur líkama sinn, væri augljóslega mikill. Þannig hefði kaupandi vændis ætíð val en seljandi vændis oftast ekki og þá vegna félagslegrar stöðu sinnar eða þvingunar af hálfu þriðja aðila. Ekki væri unnt að fallast á að farið væri með líkama fólks eins og hverja aðra söluvöru. Því sendi það mjög mikilvæg skilaboð út í samfélagið ef löggjafinn mælti fyrir um að slík hagnýting á mannlíkamanum væri óviðunandi og lögbrot. Mýmörg dæmi væru í íslenskri löggjöf þar sem siðferðisleg skilaboð hafa verið send út í samfélagið og réttlætanlegt væri að gera slíkt með það að markmiði að draga úr vændi.

Þótt segja megi að götuvændi, eins og það þekktist í heitari nágrannalöndum okkar, eigi sér ekki stað á Íslandi, þá hlýtur að mega telja hliðstæðu í því vændi sem finnst á ýmsum skemmtistöðum hér, þar sem konur falbjóða sig eða eru boðnar til sölu yfir barborðið.

Sömuleiðis var bent á varnaðaráhrif af því að gera kaup á vændi refsiverð sem fælust í því að eftirspurn eftir vændi minnkaði og að það myndi síðan leiða til minna framboðs á vændi. Reynslan í Svíþjóð benti í þá átt, a.m.k. varðandi þá kaupendur sem ekki eru reglulegir kaupendur vændis.⁵³

Eins og fram kom í skýrslu *Brottsförebyggande rådet* frá árinu 2000 (sbr. umfjöllun í kafla 5.2) hefur ekki verið rannsakað hvort sænsku lögin hafa haft í för með sér að sýnilegt vændi hafi tekið á sig mynd dulins vændis. Því væri ekkert hægt að fullyrða um hvaða áhrif slík breyting hefði hér á landi en þó væri unnt að benda á að vændi hér á landi væri nú þegar dulið. Vændi á Íslandi væri nú þegar neðanjarðar og því myndi umrædd lagabreyting um refsínæmi vændis-kaupa ekki hafa áhrif í þá áttina.

Þá var bent á að stæði kaupandi vændis frammi fyrir ákæru kynni það að leiða til meiri samstarfsvilja viðkomandi til að vitna gegn milligönguaðila vændisins í þeirri von að fá refsí-

⁵³ Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. apríl 2002, bls. 32–33.

minnkun vegna samstarfs við ákærvaldið en nú þegar væru heimildir í íslenskum lögum fyrir því að taka tillit til samstarfsvilja sakbornings, sbr. 9. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að gera þátt kaupandans refsiverðan væri einnig stigið mikilvægt skref til að minnka spurn eftir vændi sem einnig drægi úr mansali, en það hefði ráðherra jafnréttismála í Svíþjóð, Jens Orback, fullyrt að væri reynslan af sænsku vændiskaupalögum (sbr. umfjöllun í kafla 5.2).

13.2 Sjónarmið um galla þess að gera kaup á vændi refsiverð

Þeir fulltrúar í starfshópnum sem telja að ekki eigi að gera kaup á vændi refsiverð bentu á að ekki væri komin nægileg reynsla á umrædda lagasetningu í Svíþjóð og óvíst um varnaðaráhrif hennar, þar sem rannsóknir á heildarumfangi vændis hefðu ekki enn farið fram. Ekki hefði verið sýnt fram á að slík lagabreyting yrði til þess að draga úr umfangi vændis almennt þó svo að götuvændi hefði dregist saman í Svíþjóð. Þvert á móti hefði verið bent á að vændi færðist neðanjarðar og erfiðara hefði reynst að hafa eftirlit með starfseminni og beita félagslegum úrræðum til aðstoðar þeim sem stunda vændi.

Í þessu sambandi bæri að hafa í huga að umfang götuvændis er takmarkað á Íslandi og því væri „sænska leiðin“ ekki lausn sem líta bæri til í baráttunni gegn vændi hér á landi. Auk þess væri beinlínis varhugavert að gera kaup á vændi refsiverð sökum þess að það gæti styrkt stöðu milligönguáðila vændis. Annars vegar við það að þörf væri á einhvers konar skipulagningu og milligöngu til að leiða saman kaupanda og seljanda vændis og hins vegar að erfiðara yrði fyrir refsivörslukerfið að ná yfir milligöngumenn böndum þar sem kaupendur vændis yrðu tregari til að bera vitni gegn slíkum aðilum, enda væru þeir um leið að fella á sig sök. Samkvæmt réttar-farslögum væri þeim í raun óskýlt að bera vitni af þeirri ástæðu.

Jafnframt væri erfitt að gera greinarmun á vændi sem stundað er vegna neyðar og vændis sem stundað er af frjálsum vilja. Hjá því yrði ekki litið að gróðasjónarmið gætu einnig legið að baki þeirri ákvörðun að stunda vændi. Það mætti því spyrja sig hvort ávallt væri rétt að líta fram hjá sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. Sömuleiðis væri óeðlilegt að refsa einungis öðrum aðilum fyrir verknað sem þarf augljóslega tvo til og sá sem seldi sig eigi jafnvel frumkvæði að. Í þessu sambandi hefði verið bent á að það væri mikil einföldun að grundvalla lög sem gera kaup á vændi refsiverð á því að ávallt væri um að ræða aðstöðumun milli þeirrar konu, eða karls, sem selur vændi, og þess einstaklings sem kaupir það.

Íslenskar rannsóknir benda til þess að stór hluti þeirra sem stunda vændi sé undir 18 ára aldri. Eins og áður hefur komið fram mæla íslensk lög fyrir refsinámi þess að kaupa vændi þeirra sem eru undir 18 ára aldri, sbr. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Ekki hefur verið rannsakað hvort og þá hvaða áhrif þessi lagasetning hefur haft á umfang vændis meðal ungmenna, en þessi breyting var lögfest á árinu 2002. Slík athugun þarf að fara fram áður en til frekari lagabreytinga í þessa veru kemur.

Varðandi áhrif löggjafarinnar á markað fyrir mansal þá var bent á að samdráttur hans á einum stað gæti einfaldlega leitt til útpenslu á öðrum stað. Þörf væri á samstilltu átaki þjóðanna í þessari baráttu. Annað bæri keim af því að verið væri að losa sig við vandann.

13.3 Sjónarmið um löggjöf um sölu á vændi

Í umræðum starfshópsins um lagaákvæðið komu fram tvö megin sjónarmið. Annars vegar að þeir sem leiðast út í að selja aðgang að líkama sínum geri það vegna neyðar og séu því fórnarlömb aðstæðna sem meðhöndla beri með félagslegum úrræðum frekar en refsiréttarlegum. Þetta sjónarmið er í samræmi við niðurstöðu nefndar dómsmálaráðherra frá 16. apríl 2002.

Hafa Stígamót m.a. bent á að um 65–85% þeirra kvenna sem stunda vændi hafi sjálfar orðið áður fyrir kynferðisofbeldi af einhverju tagi. Þar sem um neyð einstaklings sé að ræða sé eðlilegt að veita honum aðstoð og þannig gera honum kleift með raunhæfum hætti að segja skilið við vændið.

Með því að afnema 1. mgr. 206. gr. sé einstaklingnum opnuð leið sem honum sé annars ekki fær. Hann þurfi til að mynda ekki að óttast málshöfðun kjósi hann að kæra ofbeldisverk gegn sér auk þess sem hann muni fremur bera vitni í málum sem t.d. beinast gegn vændismiðlurum. Telja megi að seljandi vændis, sem ekki standi frammi fyrir ákæru fyrir refsiverðan verknað, sé líklegri til að vitna gegn slíkum aðilum. Viðkomandi sé því viljugri til að leita sér hjálpar hjá opinberum aðilum og hjá heilbrigðiskerfinu.

Þá var bent á að með því að gera þátt seljanda vændis refsilausan minnkaði valdið sem milligönguávilinn hefði yfir viðkomandi einstaklingi. Í þessu sambandi hefur þó verið bent á þá staðreynd að vændiskonur kæri næstum aldrei ofbeldisverk gegn sér sama hvernig löggjöfin er en ástæða þess sé trúlega sú skömm sem þær upplifi við að þurfa að koma fram í dagsljósið sem vændiskonur. Ástæðan geti einnig verið vanþekking vændiskvenna á þeim úrræðum sem þeim standa til boða í viðkomandi löndum. Þá er einnig líklegt að þær hræðist hótanir um hefnd og yfirvofandi ofbeldi vændismiðlaranna.

Annars má finna frekari rökstuðning fyrir þessu sjónarmiði í greinargerð sænsku laganna nr. 1998:408, sem fjallað er um í kafla 5.2 hér að framan.

Þá var einnig vísað til þess að samkvæmt réttarfarslögum væri þeim sem selja aðgang að líkama sínum óskýlt að bera vitni ef í því fælist viðurkenning á refsiverðri hegðun þeirra.

Hins vegar kom fram það sjónarmið að ástæða væri til þess að gæta varfærni við afnám lagaákvæða sem þessa hér á landi. Með því að fella niður refsíákvæði um sölu á vændi væri í raun verið að lögleiða sölu vændis á Íslandi og aflétta hömlum sem felast í þeim skýru skilaboðum að ólöglegt sé að stunda vændi sér til viðurværis hér á landi. Í þeim efnum skipti ekki máli hvort vændiskaup væru refsilaus eða refsiverð samkvæmt lögum.

Rannsóknir benda til þess að vændi á Íslandi sé dulið og erfiðleikum bundið að meta umfang þess. Ólíkt nágrannalöndum okkar tíðkast götuvændi ekki hér á landi og má telja að í núgildandi löggjöf felist ákveðin vörn gegn slíku.

Markmið lagabreytinga í þessa veru yrðu að vera skýr og afleiðingar hennar ljósar, þannig að öruggt væri að þær ykju ekki á vændi hér á landi. Komu þau sjónarmið fram að afnám núgildandi ákvæða um bann á sölu vændis til framfærslu gæti leitt til þess að sýnilegt vændi myndi aukast, t.d. á þann hátt að götuvændi í einhverri mynd myndi ryðja sér til rúms og auglýsingar eins og við þekkjum þær í dagblöðum í dag yrðu enn hispurslausari.

Ljóst væri að öll slík markaðsvæðing væri til þess fallin að auka eftirspurn á einn eða annan hátt. Mótvægisáðgerðir væru þó mögulegar eins og nefnd dómsmálaráðherra lagði til í skýrslu sinni 16. apríl 2002, sbr. kafla 5.1. Jafnframt mætti benda á að fyrirbyggjandi gögn gæfu ekki vísbendingu um að kærnum gagnvart vændismiðlurum og ofbeldismönnum hefði fjölgað við það að afnema refsíákvæði um sölu vændis.

14. LOKAORÐ

Í kaflanum hér á undan hafa verið rakin sjónarmið um kosti og galla þess að gera vændiskaup refsiverð. Starfshópurinn komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um það hvaða leið væri líklegust til að draga úr vændi hér á landi, enda var það ekki í umboði hans að leggja fram tillögur um það. Afstaða fulltrúa í starfshópnum er eftirfarandi:

1) Afstaða Kolbrúnar Halldórsdóttur, Jónínu Bjartmarz og Ágústs Ólafs Ágústssonar:

Við erum þeirrar skoðunar að breyta eigi almennum hegningarlögum og færa refsíabyrgðina vegna vændis af þeim sem neyðast til að selja aðgang að líkama sínum og yfir á kaupendurna. Þetta teljum við afar brýnt þar sem margt bendir til þess að vændi sé vaxandi vandamál á Íslandi, ekki síst meðal ungs fólks og barna undir 18 ára aldri. Einnig teljum við að gefa þurfi gaum að tengslum vændis og mansals. Óraunhæft er að ætla annað en að þeir sem stunda mansal horfi ekki síður til Íslands en annarra Norðurlanda sem markaðsvæðis. Þó enn hafi enginn verið sóttur til saka eða sannanlega verið upplýst um slíkt brot hér á landi, þykir mörgum þeirra sem gleggst þekkjá til á þessu sviði íslensks samfélags, óforsvaranlegt að afneita því að viðskiptanet þeirra teygi sig til Íslands.

Auk þess að aflétta refsíabyrgðinni af seljendum vændis en gera kaupin refsiverð teljum við nauðsynlegt að grípa til margvíslegra annarra aðgerða til að draga úr vændi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á hvers konar forvarnarstarf til verndar börnum og ungu fólki, auk þess sem mikilvægt er að koma á félagslegum úrræðum til þeirra sem neyðast út í vændi. Æskilegt er að unnin verði samræmd aðgerðaáætlun í samstarfi yfirvalda dóms-, heilbrigðis- og félagsmála. Einnig er nauðsynlegt að slík áætlun segi til um hvernig koma megi fórnarlömbum mansals til hjálpar, s.s. með því að tryggja þeim vitnavernd og dvalarleyfi.

Samkvæmt íslenskum hegningarlögum eru kaup á vændi heimil og refsilaus en sala á vændi varðar refsingu ef hægt er að sýna fram á að hún dugi til framfærslu viðkomandi. Ákvæði þetta á sér aldargamlar rætur og var að grunni til lögfest á tímum allt annarra viðhorfa og í samfélagi sem heyrir sögunni til. Það var ekki fyrr en 1992 sem löggjafinn flutti ákvæðið úr kaflanum um brot á framfærslu og atvinnuháttum í kynferðisbrotakafla laganna. Samtímis var ákvæðið gert kynhlutlaust þannig að síðan geta karlar jafnt og konur bakað sér refsíabyrgð með sölu á vændi.

Það er almennt viðurkennt að lög hafi bæði almenn og sértæk varnaðaráhrif. Varnaðaráhrif af því að gera kaup á vændi refsiverð eru að okkar mati mikil og við teljum reynslu Svía sýna að þau séu líkleg til að fæla væntanlega vændiskaupendur frá áformum sínum. Þá má í íslenskri löggjöf finna margs konar siðferðileg skilaboð sem löggjafinn vill koma á framfæri. Með því að gera vændiskaup refsiverð væri Alþingi að senda út skilaboð um að það sé óásættanlegt að líkami fólks geti verið andlag viðskipta.

Við lítum svo á að vændi sé hluti af kynbundnu ofbeldi karla gegn konum, sem vinna þurfi gegn með margvíslegum markvissum aðgerðum, þar með talið því að taka afgerandi afstöðu gegn þeirri tilhneigingu sem ríkir í samfélaginu, að hlutaleysisgera (“normalisera”) klám og vændi, og gegn þeirri kvenfyrirlitningu og ofbeldi sem einkennir klámiðnaðinn. Leita þarf leiða til að auka vitund fólks, ekki síst ungra karla, um að það sé ósættanlegt að líta á líkama manneskju sem vöru sem gangi kaupum og sölum. Jafnframt þarf að leggja áherslu á að sjálfsákvörðunar-réttur kvenna til kynlífs verði viðurkenndur.

Við teljum þessa skýrslu sýna, svo ekki verður um villst, nauðsyn þess að efla rannsóknir á þessum sviðum mannlífsins. Nauðsynlegt er að hafa rannsóknir og traustar upplýsingar til að byggja á aðgerðaáætlun, sem miði að því að koma fórnarlömbum kynlífsiðnaðarins til aðstoðar. Ekki síst þykir okkur þarft að ráðast í rannsóknir á klámvæðingu þeirri, sem er á fleygiferð í íslensku samfélagi, eins og víðast annars staðar í hinum vestræna heimi. Í ljósi þess hvernig klám og vændi eru tvinnuð saman hlýtur að teljast nauðsynlegt að kanna áhrif og afleiðingar klámvæðingarinnar í lengd og bráð

Hinni hamingjusömu hóru er haldið á lofti og látið að því liggja að þeir sem stundi vændi hafi valið sér það til lífsviðurværis líkt og hvert annað starf og framtíð. Við teljum mikilvægustu boðin sem stjórnvöld geta sent frá sér vera þau að það sé ósættanlegt að litið sé á líkama fólks sem hverja aðra söluvöru. Við teljum vændi þ.a.l. ekki lúta lögmálum atvinnugreinar, enda eigi sá eða sú sem stundar vændi sjaldnast raunverulegt val, vændið sé ævinlega neyðarúrræði. Valið sé í raun kaupandans sem í krafti peninga og sterkari stöðu sinnar geti valið að kaupa ekki. Þ.a.l. teljum við að það eigi að færa refsíabyrgðina yfir á þann sem velur að kaupa sér afnot af líkama manneskju til að fullnægja kynhvöt eða ofbeldishneigð.

Við erum þeirrar skoðunar að rétt sé, og raunar nauðsynlegt, í ljósi þess veruleika sem við búum við, að allt sé gert sem hægt er til að sporna við ofbeldi gegn konum, þar með taldar aðgerðir til að draga úr vændi. Ein öruggasta aðferðin er sú að beina sjónum að eftirspurninni því ef engin eftirspurn væri eftir kynlífi gegn greiðslu, þá væri harla lítið upp úr því að hafa að selja konur og börn milli landa í kynlífsþrælkun. Meðan vestrænir karlar geta óáreitir keypt sér afnot af konum og börnum dregur seint og illa úr framboðinu vegna þess hve gróðavænlegt mansalið er og aðstæður fyrirsjáanlega áfram bágar í þeim löndum þar sem „þrælasalarnir“ leita helst fanga. Með því að leggja refsíabyrgðina á kaupendurna má draga úr eftirspurninni. Þar með er fótunum kipt undan framboði á konum og börnum, sem hið gróðavænlega mansal grundvallast á.

Raunveruleiki dagsins í dag er sá að langt leiddir fíkniefnaneytendur, þolendur kynferðis-ofbeldis á barnsaldri með brotna sjálfsmynd og konur og börn sem lifa í neyð í nýfrjálsum löndum Austur-Evrópu eru nýtt til að tryggja framboð sem svarar eftirspurn arðbærra vændis- og kynlífsþjónustumarkaða á Norðurlöndunum og annars staðar í Vestur-Evrópu. Í ljósi þess sem okkur hefur lærst um kynferðisofbeldi, um útbreiðslu þess og afleiðingar, um fíkniefna-neyslu og hvernig þeir sem lengst eru leiddir fjármagna neyslu sína og um bága efnahagslega

og félagslega stöðu í fyrrum Sovétlýðveldum og víðar, teljum við það óásættanlegt að vændisákvæðið í íslensku hegningarlögunum standi áfram óbreytt. Með því að færa refsíabyrgðina yfir á þá sem nýta sér eynd og örvæntingu fórnarlamba af ýmsum toga sýnir löggjafinn virðingu sína fyrir mannhelgi og jafnframt fordæmingu á hvers kyns markaðssetningu og hagnýtingu á líkama manneskju.

Varðandi nauðsyn þess að ná til þeirra sem hafa milligöngu um vændi, -vændismiðlaranna, þá teljum við vert að árétta að illa hefur gengið að upplýsa slík brot og fá dæmi um að þeir hafi verið sóttir til saka. Við teljum því að breyting löggjafarinnar, á þann veg, sem Svíar hafa gert, sé betur til þess fallin að skila árangri hvað vændismiðlarana varðar. Við teljum einsýnt að vændiskonur, sem eru á valdi dólga, séu líklegri til að vitna gegn þeim og um ofbeldið, sem þær verða fyrir, ef refsíabyrgðinni verður létt af þeim. Séu hins vegar bæði seljandi og kaupandi sekir um refisverða háttsemi þá er hætta á að ekkert vitni fáist gegn milligöngu-aðilanum. Sænska leiðin ætti því að auðvelda lögreglu að ná til milligönguaðila vændis sem gera sér eynd annarra að féþúfu.

Sá árangur sem náðst hefur í Svíþjóð með lagasetningunni er mikilvægur áfangi í baráttunni gegn því ofbeldi, sem þeir sem stunda vændi verða fyrir, bæði af hendi vændismiðlara sem og kaupenda. Þar sem dregið hefur verulega úr götuvændi í Svíþjóð eftir lagabreytingarnar þar og alþjóðleg glæpasamtök sem stunda sölu á fólki í kynlífsþrælkun telja sannanlega Svíþjóð ekki lengur fýsilegan markað fyrir starfsemi sína þá hlýtur að mega draga þá ályktun að ofbeldið hafi minnkað. Næstu skref hljóta að vera að fylgja þessum árangri eftir og leita leiða til að takast á við þann hluta kynlífsiðnaðarins sem er ekki eins sýnilegur og götuvændið. Ísland hefur skuldbundið sig í að berjast gegn mansali og væri lagabreyting í þá átt að gera vændis-kaup refsiverð mjög mikilvægt vopn í þeirri baráttu.

Við teljum að áþreifanleg og jákvæða reynsla Svía af því að gera kaup á vændi refsiverð sé sannarlega öðrum til eftirbreytni. Sambærilegar lagabreytingar í nágrannalöndum Svíþjóðar, munu torvelda starfsemi glæpasamtaka og vændismiðlara á stærra svæði. Nú er talið líklegt að Finnar lögleiði refsíabyrgð kaupanda. Stjórnarfrumvarp þar að lútandi var lagt fyrir finnska þingið í desembermánuði s.l. Meginrök finnsku ríkisstjórnarinnar eru þau að draga þurfi úr vændi og efla vitund um sjálfsákvörðunarrétt til kynlífs auk þess sem lagabreyting í þessa veru er talin til þess fallin að auka almennt félagslegt jafnrétti og jafnrétti kynjanna og torvelda glæpi eins og mansal og milligöngu vændis. Ef Finnar innleiða ákvæðið er talið líklegt að Eistneska þingið fylgi í kjölfarið.

Í umræðu um „sænsku leiðina“ hafa þeir sem hafna henni bent á að hún hafi hvergi verið innleidd nema í Svíþjóð og rétt sé að gæta lagasamræmis milli Norðurlandanna. Í því sambandi teljum við rétt að hafa í huga að íslenska vændisákvæðið er eitt sinnar tegundar á Norðurlöndunum, sem í sjálfu sér gerir norrænt lagasamræmi minna en ella.

Þann 16. apríl 2002 skilaði nefnd dómsmálaráðherra um úrbætur vegna kláms og vændis skýrslu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að vændisala ætti að vera refsilaus. Sú breyting hefur enn ekki verið gerð. Í þessari skýrslu var einnig sagt að margt mælti með því að gera kaup á vændi refsiverð en það hafi ekki verið talið tímabært að fara þá leið á þeim tíma. Nú eru hins vegar liðin tæp 4 ár og átti þessi starfshópur okkar að skoða svipaða hluti og fyrrnefnd nefnd. Við vonuðumst til að hægt yrði að þoka þessu máli eitthvað áfram, en svo reynist ekki vera. Við hörmum það að ekki skuli hafa náðst sátt um það í starfshópnum að leggja til að farin verði “sænska leiðin” í þessum efnum, en boðum jafnframt að aftur verði látið reyna á vilja Alþingis með því að flutt verði nýtt frumvarp um málið. Það er mikilvægt að þingheimur fái að taka afstöðu til sjálfsákvörðunarréttar kvenna til kynlífs og gegn því að mannlíkaminn gangi kaupum og sölum.

2) Afstaða Ástu Möller og Gunnars Arnar Örylgssonar:

Eftir að hafa kynnt okkur fjölmörg gögn um málið, bæði innlend og erlend, og hlustað á fjölda gesta er það niðurstaða okkar að ekki sé ráðlegt að svo komnu máli að gera breytingar á hegningarlögum í þá veru sem Svíar hafa gert, þ.e. að gera kaup á vændi refsiverð en sölu á vændi refsilaus.

Meginrök eru eftirfarandi:

- **Sænska leiðin.** Markmið sænsku leiðarinnar er að minnka ofbeldi gagnvart konum með því að gera vændiskaup refsiverð. Áætluð áhrif eru annars vegar að fæla „venjulega“ menn frá að kaupa vændi og fækka þannig vændiskaupendum og hins vegar að gefa „mórölsk“ skilaboð um að vændi sé ótilhlýðilegt. Það sem mælir gegn sænsku leiðinni er að þegar götuvændi minnkar, eins og reyndin hefur orðið, færast vændið neðanjarðar og erfiðara reynist að hafa eftirlit með starfseminni og beita félagslegum úrræðum. Jafnframt verður vændisumhverfið hættulegra sem stríðir gegn markmiðum laganna. Þá verður sönnunarbyrði þyngri, því kaupendur verða sakamenn með því að játa kaup á vændi, sem styrkir stöðu vændismiðlara og gerir þá ósnertanlegri. Erfitt er að fylgja banninu eftir, sem minnkar almenna virðingu fyrir lögum.
- **Áhrif sænsku leiðarinnar eru óljós.** Svíar hafa einir þjóða valið þessa leið. Lögin tóku gildi á árinu 1999 og engin heildarúttekt hefur verið gerð á vegum sænskra stjórnvalda á áhrifum þeirra. Ekki hefur verið sýnt fram á minnkað umfang vændis, þótt götuvændi hafi að mestu horfið.
- **Breytingar á íslenskum lögum þurfa að taka mið af íslenskum veruleika.** Ólíkt því sem gerist víða erlendis tíðkast götuvændi ekki hér á landi og vændi er almennt lítt sýnilegt. Leiða má líkur að því að umfang skipulagðs vændis sé hlutfallslega minna hér á landi en erlendis. Talið er að vændi hafi aukist hér á landi með opnun „nektarstaða“ og sé þar einkum bundið við erlendar konur. Aukning er á auglýsingum í einkadálkum á netinu þar sem vændi er boðið. Því er haldið

fram að um helmingur þeirra sem falbjóða sig séu undir 18 ára aldri (Brynhildur Flóvens, 2005). Íslenskar rannsóknir benda til að í aldursflokknum undir 18 ára séu strákar 75% þeirra sem falbjóða sig. Erlendar rannsóknir styðja þessa niðurstöðu. Vændissala er því ekki eingöngu bundin við konur.

- **Íslensk lög gefa skýr skilaboð um að bannað sé að stunda vændi.** Ísland er eina landið meðal Norðurlandanna sem bannar sölu á vændi sér til framfærslu og má velta fyrir sér hvort í því felist ákveðin vörn. Svíar banna kaup á vændi en ákvæði laga á hinum Norðurlöndunum banna hvorki kaup né sölu á vændi, en setja á hinn bóginn bann við „hneykslunarverðri framkomu á almannafæri“. Ungmenni undir 18 ára eru varin af nógildandi lögum, þar sem refsivert er að kaupa af þeim kynlífsþjónustu. Milliganga um sölu á vændi er einnig refsiverð. Breyting á íslenskum lögum í þá veru sem Svíar hafa farið þýðir að vændi verður löglegt á Íslandi. Fulltrúar frá Stígamótum fullyrtu á fundum nefndarinnar að götuvændi yrði sýnilegra hér á landi ef sænska leiðin yrði valin. Markmið breytinga á ákvæðum íslenskra laga um vændi þurfa að liggja fyrir áður en slík ákvörðun er tekin.
- **Vöntun á félagslegum úrræðum.** Rannsóknir sýna að erfiðar félagslegar aðstæður, s.s. upplausn heimila, ofbeldi, saga um kynferðislegt ofbeldi og neysla vímuefna, leiði ungmenni út í vændi. Vændi stundi þau t.d. til að fjármagna neyslu. Þessum hópi svo og þeim sem stunda vændi sér til framfærslu þarf að veita aukin félagsleg úrræði sem ekki eru fyrir hendi í dag.
- **Norðmenn höfnuðu sænsku leiðinni í desember 2004, eftir ítarlega skoðun.** Helstu rök þeirra voru:
 - o Árangur af sænsku leiðinni er óljós. Þótt götuvændi hafi minnkað bendir fátt til þess að hún hafi haft áhrif á hinn dulda „innanhússmarkað“.
 - o Sænska leiðin er ekki til þess fallin að auka vernd þeirra sem stunda vændi, því þótt „venjulegum“ kúnum hafi fækkað hafa aðstæður þeirra sem stunda vændi versnað. Þannig eru vændiskaupendur nú ofbeldisfullri og þeir gera meiri kröfur um óvarið kynlíf með aukinni hættu á kynsjúkdómum. Þá eiga heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld erfiðara með að nálgast þá sem stunda vændi.
 - o Óvissa er um áhrif sænsku leiðarinnar á mansal. Hún getur jafnvel virkað gegn baráttu gegn mansali, þar sem erfiðara er að fá vændiskaupendur til að kæra eða vitna gegn milliliðum eða meintum skipuleggjendum vændis því að um leið viðurkenna þeir á sig refsiverðan verknað.
 - o Sænska leiðin byggist á hugmyndafræði sem lýsir veruleikanum aðeins að hluta. Hún gengur út frá að vændi sé ofbeldi karla gagnvart konum. Horft er fram hjá því að karlar stunda einnig vændi og að í einhverjum tilvikum geti verið um val að ræða milli einstaklinga. Leiddar eru líkur að því að slík

sýn auki fordóma gagnvart vændi, sem geri aðstæður þessa fólks enn verri fyrir bragðið.

- o Niðurstaða norsku ríkisstjórnarinnar var að vændi væri félagslegt vandamál sem yrði ekki leyst með lagasetningu. Það yrði aðeins gert með félagslegum úrræðum.
- **Danir höfnuðu sænsku leiðinni í janúar 2005, eftir ítarlega skoðun.**
Niðurstaða Dana byggist m.a. á eftirfarandi:
 - o Svíar hafa ekki getað sýnt fram á árangur sænsku leiðarinnar með óyggjandi hætti. Sænsku leiðinni á ekki að beita fyrr en öll önnur úrræði hafa reynst ótæk til árangurs í baráttu gegn vændi. Hún getur jafnvel leitt til þess að yfirvöld haldi að sér höndum við að bjóða upp á og nýta félagsleg úrræði til að taka á vandanum.
 - o Vændi er félagslegt vandamál sem þarf að taka á með úrræðum sem veitt eru af heilbrigðis- og félagslega kerfinu. Lögð er áhersla á félagslega hjálp til kvenna og karla sem stunda vændi og styðja þau í að velja nýjar brautir. Jafnframt er lögð áhersla á að leita uppi þá sem stunda vændi og beina að þeim forvarnastarfi, ráðgjöf og draga úr skaða sem fylgir vændi, m.a. með ráðgjöf á internetinu. Sérstök áhersla er á að hjálpa börnum og ungmönnum sem eru í áhættuhópi með að stunda vændi.
 - o Danir hafna yfirlýstum markmiðum sænsku leiðarinnar og telja að hægt sé að hafa áhrif á venjulega kaupendur með öðrum leiðum en refsingu og að ekki sé rétt að tengja „mórölsk“ skilaboð sem eiga að breyta afstöðu manna og hegðun við refsíabýrgð skv. lögum.

Undirrituð leggja áherslu á að vændi er samfélagslegt vandamál sem ber einkum að leysa með félagslegum úrræðum. Þannig er mikilvægt að efla forvarnastarf til að forða ungmönnum frá því að leiðast út í vændi m.a. af félagslegum ástæðum. Jafnframt verði fundin raunhæf úrræði til handa þeim sem stunda vændi og þeir studdir til að finna sér nýjan farveg í lífinu.

3) Afstaða Rögnu Árnadóttur, fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis:

Í skýrslu þessari koma fram ýmsar upplýsingar sem gagnlegar eru þegar taka á afstöðu til þess hvort gera eigi vændiskaup refsiverð. Gögnin, sem starfshópurinn víðaði að sér, sýna glögglega að sitt sýnist hverjum. Sænsk stjórnvöld segja þá leið, sem farin var árið 1999 þegar vændiskaup voru gerð refsiverð í Svíþjóð, hafa gefist ákaflega vel. Í öðrum ríkjum, þar sem þessi leið hefur verið skoðuð, svo sem í Danmörku og Noregi, hefur verið tekin ákvörðun um að fara ekki að fordæmi Svía.

Það, sem vitað er um áhrif sænsku lagasetningarinnar, er þetta: Í kjölfar hennar minnkaði sýnilegt vændi, eða götuvændi, samkvæmt opinberum sænskum gögnum. Í sömu gögnum kemur einnig fram að ekki er vitað hvort dulið vændi hefur að sama skapi aukist. Þá fylgdi laga-

setningunni í Svíþjóð sérstök fjárveiting sem gerði lögreglu kleift að einbeita sér að þessum málaflökki, og náðu aðgerðir hennar einkum til götuvændis. Þetta ber að hafa í huga þegar áhrif lagasetningarinnar eru metin.

Þegar metið er, hvort setja beri samskonar ákvæði í íslenska refsilöggjöf, verður í fyrsta lagi að athuga aðstæður hér á landi. Hér á allt annað við en í Svíþjóð, þar sem götuvændi dafnaði við fjölgun erlendra vændiskvenna, sem talið er að tengst hafi mansali og erfitt var að stöðva vegna sameiginlegra landamæra og nálægðar við önnur ríki. Hér er eftirlit við landamæri allt annað en í Svíþjóð og aðstæður til að sporna við mansali og vændi tengdu því allt aðrar og betri en þar. Því er það mitt álit að áður en ráðist er í lagasetningu að sænskri fyrirmynd eigi að taka mið af raunverulegum aðstæðum hér en ekki eins og þær voru í Svíþjóð árið 1999. Engin þjóð hefur enn fetað í fótspor Svía að þessu leyti, þótt þeir hafi vissulega verið fyrirmynd um margt.

Í öðru lagi tel ég að möguleg varnaðaráhrif þess, að gera vændis kaup refsiverð, séu ofmetin. Vissulega má færa rök fyrir því að refsíákvæði myndi fæla frá löghlýðna og grandvara vændis kaupendur, en ekki er víst að ákvæðið hefði áhrif á aðra hópa vændis kaupenda. Lítið er vitað um þá karla, sem kaupa vændi á Íslandi, og því möguleg varnaðaráhrif óljósari en ella.

Í þriðja lagi tel ég rök standa til þess að refsíákvæði um vændis kaup yrði til þess að erfiðara yrði að ná til þeirra sem skipuleggja vændi, en það er hópur sem ég tel að þurfi síst að vernda, því að erfitt yrði að fá seljendur og kaupendur vændis til þess að vitna gegn þeim. Þeir einstaklingar, sem selja vændi, eru að líkindum háðir vændismiðlurunum á einn eða annan hátt, og því erfitt að fá þá til að vitna gegn þeim. Sama gildir um kaupendur, sem ættu þá á hættu lögreglu-rannsókn og e.t.v. ákæru ef upp um þá kæmist.

Í fjórða lagi tel ég það vera mikla einföldun að grundvalla refsíákvæði um kaup á vændi á því að ávallt sé aðstöðumunur á milli þess einstaklings sem selur vændi og einstaklings sem það kaupir. Aðstaða þeirra beggja getur til dæmis verið mjög bág.

Í fimmta lagi tel ég rétt að líta til gildandi laga á Íslandi og hvaða áhrif þau hafa haft. Samkvæmt íslenskum hegningarlögum er refsivert að greiða barni yngri en 18 ára fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Á fundum starfshópsins komu fram upplýsingar um að stór hluti þeirra, sem stunda vændi á Íslandi, séu börn yngri en 18 ára. Þó virðist ekkert slíkt mál hafa komið til kasta lögreglu. Ekki hefur verið rannsakað í hverju varnaðaráhrif ákvæðisins felast. Ég tel rökrétt að rannsaka áhrif þeirra ákvæða, sem nú gilda um refsiverð vændis kaup af börnum, áður en lög-gjafinn ákveður að setja í lög ákvæði um refsiverð vændis kaup af fullorðnum.

Með vísan til framangreinds mæli ég ekki með því að farin verði sú leið að setja í lög ákvæði sem gerir kaup á vændi refsiverð og tel ég að huga eigi að öðrum úrræðum til þess að sporna við vændi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er verið að vinna að endurskoðun ákvæða hegningarlaga um vændi o.fl. Hinn 25. maí 2005 fól dóms- og kirkjumálaráðherra Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við Háskóla Íslands, að endurskoða hluta af kynferðisbrotahluta almennra hegningarlaga, þ. á m. ákvæði 206. gr. laganna um vændi, og skila ráðuneytinu frumdrögum að frumvarpi. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lýst því yfir að hann muni, á grundvelli þessarar vinnu, leggja fram frumvarp til laga á yfirstandandi löggjafarþingi.

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Ágúst Ólafur Ágústsson
Ásta Möller
Gunnar Örn Örlygsson
Jónína Bjartmarz
Kolbrún Halldórsdóttir
Ragna Árnadóttir

Fylgiskjal 1

HEIMILDASKRÁ

Skýrslur:

Brottsförebygganda rådet (2002). *Förbud mot köp av sexuella tjänster: Tillämpningen av lagen under första året – BRÅ-rapport 2000:4*. Stokkhólmur: Brottsförebygganda rådet.

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2003). *Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001). *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: áfangaskýrsla*. Reykjavík: Rannsóknir og greining: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Nefnd sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis (16. apríl 2002). *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Drífa Snædal, umsjón Hildur Jónsdóttir (2003). *Kynlífsmarkaður í mótun*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, jafnréttisráðgjafi.

Förbud mot köp av sexuella tjänster: Tillämpningen av lagen under första året, BRÅ-rapport 2000 (Sænsk skýrsla um reynsluna af vændiskaupalögnum).

Justis- og politidepartementet. Rapport fra Arbejdsgruppe om rettslig regulering av kjøp av seksuelle tjenester (oktober 2004). *Sexkjöp i Sverige og Nederland – reguleringer og erfaringer*. Oslo: Justis- og politidepartementet.

Regeringskansliet (2003). *Råd för Kvinnofrid till regeringen: Slutrapport från Nationellt Råd för Kvinnofrid*. Stokkhólmur: Regeringskansliet.

Regeringens handlingsplan til bekæmpelse af kvindehandel. Desember 2002. Sótt: 28. janúar 2006. Áætlunin er aðgengileg á vefslóðinni http://www.lige.dk/Files/PDF/handlingsplan_kvindehandel.pdf (Danska aðgerðaáætlunin um baráttu gegn mansali).

Regjeringens handlingsplan mot menneskehandel (2005–2008). Handlingsplan. 2005. Sótt: 28. janúar 2006. Áætlunin er aðgengileg á vefslóðinni http://odin.dep.no/filarkiv/251306/handlingsplan_mot_menneskehandel.pdf (Norska aðgerðaáætlunin gegn mansali).

Socialstyrelsen (2003). *Kännedom om prostitution*. Stokkhólmur: Socialstyrelsen.

Skýrsla Sólveigar Pétursdóttur dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., samkvæmt beiðni. 126. lþ. 2000–2001, þskj. 625, 51. mál.

Videns- & Formidlingscenter for Socialt Udsatte (2004). *Redegørelse om prostitution i Danmark: Oplæg til en handlingsplan på prostitutionsområdet*. Kaupmannahöfn: VFC Socialt Udsatte.

Ritgerðir:

Theodóra Emilsdóttir (2003). *Mansal, m.a. samkvæmt 227. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940*. Lokaritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Tímarit:

Rasmussen, Nell (2005). Menneskehandel og Prostitution. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 92. árgangur (1. tbl. 2005).

Träskman, Per Ole (2005): „Den som betalar för sex är en brottling“ – Om den svenska kriminaliseringen av sexköp som ett medel för att motverka prostitutionen. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 92. árgangur (1. tbl. 2005).

Grein í dagblaði:

Erfitt að skilja milli vændis og mansals (21. nóvember 2003). *Morgunblaðið*, miðopna.

Ræður:

Orback, Jens (1. mars 2005). Speech by the Swedish Minister for Gender Equality, Jens Orback, at the Swedish Side Event: Legal and Other Normative Measures to Combat Trafficking in Women and Girls with a Focus on the Demand. New York: 49th Session of the United Nations Commission on the Status of Women.

Heimasíður:

Sænska ríkisstjórnin, Regeringen á www.regeringen.se.

Nordic Baltic Task Force Against Trafficking in Human Beings á www.against-trafficking.org.

Lögreglusamþykktir:

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 506 frá 3. júní 2004.

Lögreglusamþykkt fyrir Kópavogsbæ nr. 444 frá 10. maí 2004.

Lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 482/1996, sbr. samþykkt um breytingu á henni nr. 552 frá 16. júlí 2002.

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjanesbæ nr. 169 frá 17. febrúar 2004.

Lagafrumvörp:

Íslensk:

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 125. lþ. 1999–2000, þskj. 693, 428 mál.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 126. lþ. 2000–2001, þskj. 840, 540. mál.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 127. lþ. 2001–2002, þskj. 22, 22. mál.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum), 127. lþ. 2001–2002, þskj. 192, 185. mál.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal), 128. lþ. 2001–2002, þskj. 1217, 567. mál.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 130. lþ. 2003–2004, þskj. 38, 38. mál.

Sænsk:

Regeringens proposition 1997/98: 55, Kvinnofrid.

Finnsk:

Regeringens proposition till Riksdagen med förslag till lag om ändring av strafflagen och vissa lagar som har samband med den (RP 34/2004).

Regeringens proposition med förslag till lag om kriminalisering av köp av sexuella tjänster samt till godkännande av tilläggsprotokollen till FN:s konvention om människohandel och smuggling av invandrare samt sättande i kraft av de bestämmelser som hör till området för lagstiftningen (RP 221/2005 rd). Lagt fram á finnska þinginu (Riksdagen) 22.12.2005. Sótt: 28. janúar 2005. Frumvarpið er aðgengilegt á vefslóðinni <http://www.finlex.fi/sv/esitykset/he/2005/20050221.pdf>.

Dómar:

Dómur hæstaréttar Svíþjóðar frá 9. júlí 2001 í máli nr. B 3947-00, Nytt Juridisk Arkiv (NJA) 2001, bls. 527.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 31. október 2003 í máli nr. S-859/2003.

Alþjóðasáttmálar:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (*Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women*), 1979.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi (*Convention against Transnational Organized Crime*), og bókun við hann til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (*Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime*), 2000.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins: Valfrjáls bókun um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám (*Optional Protocol on the sale of children, child prostitution and child pornography*), 2000.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (*Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings, ETS 197*), 2005.

Fylgiskjal 2 - Yfirlit yfir norræn lagaákvæði um vændi, klám og mansal

Háttsemi	Ísland	Noregur
<p>Klámrit, myndir og annað klámefni</p>	<p>Refsivert er að birta klám á prenti, sbr. 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (effirleiðis: hgl.).</p> <p>Einnig er refsivert að búa til, flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, myndum og öðru klámi, eða hafa opinberlega til sýnis sbr. 2. mgr. 210. gr. hgl.</p> <p>Ákvæðið í 2. mgr. á við þegar klámi er dreift eða það er ætlað til dreifingar.</p> <p>Refsivert er að láta af hendi til unglinga yngri en 18 ára klámrit, myndir eða annað klámefni, sbr. 3. mgr. 210. gr. hgl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1., 2. eða 3. mgr. 210. gr. hgl. er fangelsi allt að 6 mánuðum.</p>	<p>Refsivert er að gefa út, selja eða dreifa á annan hátt klámi (a.-liður), flytja klám inn í útbreiðsluskyni (b.-liður) og afhenda það fólki undir 18 ára aldri (c.-liður) sbr. 1. mgr. 204. gr. norsku hegningarlaganna (LOV-1902-05-22-10, Almindelig borgerlige straffelov eða Straffeloven; effirleiðis: strl.)</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn ákvæðum 204 gr. er sektir eða fangelsi allt að 3 árum.</p> <p>Í 2. mgr. 204. gr. strl. er sett fram skilgreining á klámi (n. pornografi). Sérstaklega er tekið fram að til kláms teljist ekki kynferðislegt efni (n. kjønnslege skildringer) sem talist getur réttlætjanlegt vegna listræns eða vísindalegs gildis, fræðslu eða ámóta sjónarmiða.</p> <p>3. mgr. 204. gr. strl. kvæður á um, sbr. 1. ml. ákvæðisins, refsilækkun fyrir þann sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. af gáleysi (sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum). Sömu refsingu er þeim heitið sem af ásetningi eða gáleysi vanrækir að koma í veg fyrir að fram fari, í fyrirtæki sem hann á eða ber ábyrgð á, sú háttsemi sem nefnd er í 1. mgr.</p> <p>Í 4. mgr. 204. gr. strl. segir að ákvæðið gildi ekki um kvikmyndir eða sjónvarpsefni sem kvikmyndaskoðunin (n. Medietilsynet) hefur skoðað og heimilað til sýninga.</p>

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Birting, sala, dreifing o.s.frv. á „venjulegu“ klámefni er refsilaus.</p> <p>Barnklám er refsivert (sjá nánar neðar) sbr. 10. gr. a, 16. kafli (brot gegn allsherjarreglu) sænsku hegningarlaganna (Brottsbalk (1962:700), eftirleiðis: bb.)</p> <p>Einnig er refsivert að búa til með ásetningi til dreifingar eða að dreifa ofbeldisfullum klámmyndum sem sýna kynferðislegt ofbeldi eða kúgun gegn mönnum eða dýrum, sbr. 10. gr. b, 16. k. bb.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 10. gr. b, 16. k. bb. er sektir eða fangelsi allt að 2 ár.</p> <p>Refsivert er að sýna á almannafæri klámmyndir á þann hátt að brotið geti gegn almennu velsæmi. Einnig að senda klámmyndir í pósti eða á annan hátt án þess að áður hafi verið óskað eftir því. Sbr. 11. gr., 16. k. bb.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 11. gr., 16. k. bb. er sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum.</p> <p>Refsivert er að dreifa til barna og ungmennta ritum, myndum eða öðru efni sem vegna innihalds síns getur talist ósiðlegt (s. förráande) eða hafi í för með sér alvarlega ógn fyrir siðferðilegt uppeldi þeirra, sbr. 12. gr., 16. k. bb. Aldur er ekki sérstaklega tiltekinn.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 12. gr., 16. k. bb. er sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum.</p>	<p>Birting, sala, dreifing o.s.frv. á „venjulegu“ klámefni er refsilaus.</p> <p>Barnklám er refsivert (sjá nánar neðar), sbr. m.a. 230. gr. og 235. gr. dönsku hegningarlaganna (Straffeloven, nr, 909 af 27/09/2005, eftirleiðis: strl.)</p> <p>Brot gegn almennu velsæmi eru refsiverð eftir 232. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 232. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 4 árum.</p> <p>Bannað er að selja klámfengnar (d. utugtig) myndir eða hluti til barna undir 16 ára aldri, sbr. 234. gr. strl.</p>	<p>Birting, sala, dreifing o.s.frv. á „venjulegu“ klámefni er refsilaus.</p> <p>Refsivert er að framleiða, bjóða til sölu eða leigu, flytja inn, út eða í gegnum Finnland til annars lands eða dreifa á annan hátt myndum eða kvikmyndum sem sýna á ósiðlegan (s. sedlighetssðrande; í. að brjóta gegn almennu velsæmi) hátt barn (1. fl.), ofbeldi (2. fl.) eða kynmök við dýr (3. fl.), sbr. 1. mgr. 18. gr., 17. kafli (brot gegn allsherjarreglu) finnsku hegningarlaganna (Strafflag 19. 12. 1889/39, eftirleiðis: strl.).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 18. gr., 17. k. strl. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p> <p>Með barni er átt við þá sem eru yngri en 18 ára og þá sem ekki er hægt er komast að hvað eru gamlir, ef rökstutt tilefni er til þess að ætla að manneskjan sé yngri en 18 ára.</p> <p>Skv. 20. gr., 17. k. strl. er refsivert að ástunda kynningu og markaðssetningu sem fer gegn almennu velsæmi með því að afhenda barni undir 15 ára aldri (1. fl.), stilla upp opinberlega (2. fl.), afhenda einhverjum án þess að hann samþykki það (3. fl.) eða auglýsa á hátt sem vekur almenna hneykslun (4. fl.) myndir, kvikmyndir eða hluti sem brjóta gegn almennu velsæmi og eru fallnir til að valda almennri hneykslun. Brot gegn greininni varða <u>sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum</u>.</p> <p>Í 21. gr., 17. k. strl. er almennt „varaskeið“ um blygðunarsemisbrot þar sem lýst er refsivert að sýna af sér hegðun sem fer gegn almennu velsæmi og vekur hneykslun (matskennt). Í ákvæðinu er tekið fram að það gildi aðeins ef verkn. er ekki refsincæmur skv. öðrum ákvæðum.</p>

Háttsemi	Ísland	Noregur
<p>Barnaklám</p>	<p>Refsivert er að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta, dreifa á annan hátt eða hafa opinberlega til sýnis efni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, sbr. 2. mgr. 210. gr. hgl. in fine.</p> <p>Verknaðarlýsing um annað klámfeni, sbr. fyrstu málsliði 2. mgr., á við um barnaklám skv. ákvæðinu en sá munur er á að refsiramminn fyrir barnaklám er hærrí.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. hgl. <i>i.f.</i> er allt að 2 ára fangelsi.</p> <p>Ákvæðið á við þegar barnaklámi er dreift eða það er ætlað til dreifingar.</p> <p>Refsivert er að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, sbr. 4. mgr. 210. gr. hgl.</p> <p>Ákvæðið tekur einnig til þess að flytja inn eða hafa í vörslu sinni efni, sbr. að framan, sem sýnir börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða þau nota hluti á klámfenginn hátt, sbr. 4. mgr. 210. gr. hgl. i.f.</p> <p>Varsla og innflutningur barnakláms til einkanota er refsiverður skv. þessu ákvæði.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 4. mgr. 210. gr. hgl. er sektir, eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.</p>	<p>Refsivert er að framleiða, útvega (sér), flytja inn, eiga, athenda með eða án greiðslu eða hafa af ásettu ráði undir höndum (n. gjøre seg kjent med) efni sem sýnir kynferðisbrot gegn barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt, sbr. a.-lið 1. mgr. 204. gr. a. strl.</p> <p>Einnig er refsivert að fást á annan hátt við (n. befatte sig med) barnaklám, svo sem eins og nefnt er í 1. mgr. 204. gr. strl., sbr. b.-lið 1. mgr. 204. gr. a. strl.</p> <p>Refsivert er að fá ungmenni undir 18 ára aldri til að sitja fyrir á ljósmynd eða koma fram í kvikmynd sem sýnir kynferðislegar athafnir. Skilyrði er að háttsemin sé í hagnaðarskyni. Framleiðsla slíks efnis er einnig refsiverð. Sbr. c.-lið 1. mgr. 204. gr. a. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn a., b. og c.-liðum 1. mgr. 204. gr. a. strl. er sektir eða fangelsi allt að 3 árum.</p> <p>Með „barni“ er átt við fólk undir 18 ára að aldri eða fólk sem kemur þannig fram (n. fremstå som).</p> <p>3. mgr. 204. gr. a. strl. er sambærileg og 3. mgr. 204. gr. strl. Ákvæðið kveður með sama hætti á um refsilækkun vegna gáleysis og refsíabyrgð eiganda eða ábyrgðarmanns fyrirtækis. Refsiramminn er hinn sami, bætur eða fangelsi allt að 6 mánuðum.</p> <p>4. mgr. 204. gr. a. strl. er refsibrottfallsheimild fyrir þann sem hefur tekið og hefur undir höndum mynd af persónu milli 16 og 18 ára, að því gefnu að myndatakan hafi verið með samþykki hennar og nokkurn veginn sé jafnræði með hinum brotlega og tjónþola að aldri og þroska.</p>

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Refsivert er að sýna barn í klámfenginni mynd (1. fl.), dreifa, afhenda, lána, leigja, sýna eða gera barnaklámsmyndir aðgengilegar öðrum (2. fl.), afla sér eða bjóða slíka mynd af barni (3. fl.), hafa milligöngu um kaup eða sölu eða gera nokkuð annað sem miðar að því að fram fari verslun með slíkar myndir (4. fl.) og að eiga slíka mynd (5. fl.), sbr. 10. gr. a, 16. k. bb.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 10. gr. a, 16. k. bb. er fangelsi allt að 2 árum eða, ef brotið er smávægilegt, sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum.</p> <p>Við skilgreiningu á barni er miðað við manneskju sem ekki hefur náð fullum kynferðislegum þroska eða, þegar það sést af myndinni og öðrum aðstæðum, er undir 18 ára aldrí, sbr. 2. mgr. 10. gr. a, 16. k. bb.</p> <p>Sama refsing og áður sagði er lögð við því ef brot er framið af gáleysi í tengslum við atvinnustarfsemi eða annars konar rekstur, sbr. 3. mgr. 10. gr. a, 16. k. bb.</p> <p>Fyrir gróf barnaklámsbrot skal <u>refsing</u> vera fangelsi í minnst 6 mánuði og allt að 6 árum. Við mat á grófleika brots skal sérstaklega tekið tillit til þess hvort brotið var framið í atvinnustarfsemi eða í hagnaðarskyni, hvort það sé liður í skipulegri brotastarfsemi, magns mynda og grófleika þeirra, sbr. 4. mgr. 10. gr. a, 16. k. bb.</p> <p>Í 5. mgr. 10. gr. a, 16. k. bb. er refsileysisákvæði sem mælir fyrir um að bannið gegn sýningu og dreifingu (sbr. 1. og 2. fl. 1. mgr.) gildi ekki þegar slík mynd er teiknuð, máluð eða gerð í höndunum á ómóta hátt. Skilyrði er að myndinni sé ekki dreift eða hún gerð aðgengileg öðrum á annan hátt. Ákvæðið geymir einnig almenna refsileysisástæðu um það ef háttsemi réttlætist af aðstæðum.</p> <p>Refsivert er að koma því til leiðar eða hagnýta sér að barn undir fimmtán ára aldrí sitji fyrir eða taki þátt í að sitja fyrir á kynferðislegan hátt, sbr. 1. mgr. 8. gr., 6 k. bb. (6. kafli bb. fjallar um kynferðisbrot).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 8. gr., 6 k. bb. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p>	<p>Refsivert er að taka upp klámfengnar ljósmyndir, kvikmyndir eða svipað af manneskju undir 18 ára aldrí, í þeim tilgangi að selja eða dreifa efninu á annan hátt, sbr. 230. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 230. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum. Í sérstaklega alvarlegum tilfellum má refsa með fangelsi allt að 6 árum.</p> <p>Í seinni málslið 230. gr. eru nefnd dæmi um sérstaklega alvarleg tilfelli, s.s. þegar líf barnsins er sett í hættu, þegar beitt er grófu ofbeldi, þegar barninu er valdinn alvarlegur skaði eða þegar um er að ræða kerfisbundnar eða skipulagðar upptökur.</p> <p>Skv. 1. mgr. 235. gr. strl. er refsivert að dreifa klámfengnum myndum eða kvikmyndum, öðru klámfengnu sjónrænu efni eða svipuðu af manneskjum undir 18 ára aldrí.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 235. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum. Í sérstaklega alvarlegum tilfellum má refsa með fangelsi allt að 6 árum.</p> <p>Í seinni málslið 1. mgr. 235. gr. strl. eru nefnd dæmi um sérstaklega alvarleg tilfelli, s.s. þegar líf barnsins er sett í hættu, þegar beitt er grófu ofbeldi, þegar barninu er valdinn alvarlegur skaði eða þegar um er að ræða kerfisbundnar eða skipulagðar upptökur.</p> <p>Skv. 2. mgr. 235. gr. strl. er refsivert að hafa undir höndum eða afla sér vitneskju um gegn greiðslu klámfengnar myndir eða kvikmyndir, annað klámfengið sjónrænt efni eða svipað af manneskjum undir 18 ára aldrí.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 2. mgr. 235. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 1 ári.</p> <p>Skv. 3. mgr. 235. gr. strl. tekur 2. mgr. ekki til þess að hafa undir höndum klámfengnar myndir af manneskju sem orðin er 15 ára ef viðkomandi hefur veitt samþykki sitt fyrir því.</p>	<p>Skv. 1. fl. 1. mgr. 18. gr., 17. k. strl. er refsivert að framleiða, bjóða til sölu eða leigu, dreifa o.s.frv. barnaklámi, sbr. umfjöllun að framan.</p> <p>Sérstakt refsipýngingarákvæði í 1. mgr. 18. gr. a, 17. k. strl. gerir refsiverða grófa útbreiðslu barnakláms. Skv. orðalagi sínu á ákvæðið við ef myndin er af sérstaklega ungu barni (1. fl.), myndin sýnir einnig gróft ofbeldi eða augljóslega niðurlægjandi meðferð á barninu (2. fl.), brotið er framið á sérstaklega skipulegan hátt (3. fl.) eða brotið er framið sem þáttur í skipulagðri glæpastarfsemi (4. fl.) og verknaðurinn meinn í heild er grófur.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 18. gr. a, 17. k. strl. er fangelsi í minnst 4 mánuði og mest 6 ár.</p> <p>Refsivert er að hafa undir höndum að ástæðulausu mynd, myndband, kvikmynd eða nokkra raunsanna upptöku af barni sem tekur þátt í samförum eða í nokkurs háttar kynmökum eða sýnir barn á nokkurn annan hátt sem fer gegn almennu velsæmi, sbr. 19. gr., 17. k. strl.</p> <p>Með barni er í ákvæðinu stuðst við sömu skilgreiningu og sett er fram í 18. gr., sbr. umfjöllun að ofan.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 19. gr., 17. k. strl. er sektir eða fangelsi allt að 1 ári.</p>

Háttsemi	Ísland	Noregur
Klámsýningar	<p>Refsivert er að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks sem er ósiðlegur, sbr. 2. mgr. 210. gr. hgl.</p> <p>Af samhengi sést að með orðinu „ósiðlegur“ er átt við klámfenginn.</p>	<p>Refsivert er að efna til opinbers fyrirlestrar eða sýningar með klámfengu innihaldi, sbr. d.-lið 1. mgr. 204. gr. strl.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn ákvæðinu er sektir eða fangelsi allt að 3 árum.</p> <p>ATH.: Seinni málslið 3. mgr. 204. gr. strl. um refsíabyrgð eiganda eða ábyrgðarmanns fyrirtækis, sbr. umfjöllun að ofan.</p>
Lögsaga	Aðeins ef brot er refsivert í því landi þar sem brot er framið.	Ef um er að ræða barnaklámsbrot nær lögsagan til norskra þegna sem fremja brot í öðrum löndum. Svo er einnig ef um er að ræða kaup á kynlífsþjónustu barna og starfrækstu hennar í hagnaðarskyni.
Að stunda vændi	Refsivert er að stunda vændi í framfærsluskyni, sbr. 1. mgr. 206. gr. hgl.	Refsilaust. Þó er skilyrði að hegðun þeirra sem það stunda brjóti ekki gegn ákvæðum 201. gr. strl. , sem lýsir refsivert að sýna af sér, í orði eða verki, kynferðislega hneykslanlega eða aðra ósæmandi hegðun á almannaþæri (a.-liður) og í návist eða frammi fyrir einhverjum sem ekki hefur samþykkt það eða barni undir 16 ára aldri (b.- og c.-liður).
Kaup á vændi fullorðinna	Refsilaust.	Refsilaust.

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Sjá hér fyrri málslið 11. gr. 16. k. bb., sbr. umfjöllun að ofan.</p> <p>Skv. 14. gr. 2. kafli sænsku allsherjarregluglugganna (<i>Ordninglagen</i> (1993:1617)) má ekki skipuleggja opinberar uppákomur sem fela í sér sýningu kláms.</p> <p>Starfræksla og skipulagning kynlífsklúbba þar sem aðstæður og eðli starfsemi er við það miðuð að auðvelda viðskiptavinum að eiga kynmök hver við annan, sem og önnur sambærileg starfsemi sem opin er almenningi, er bönnuð, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um bann við s.k. bastuklúbbum og annarri sambærilegri starfsemi (<i>Lag (1987:375) om förbud mot s.k. bastuklubbar och andra liknande verksamheter</i>)</p>	<p>Skv. 233. gr. strl. er refsivert að hvetja eða bjóða til lauslætis eða sýna opinberlega af sér ósiðlega lífnaðarhætti á þann hátt að það geti valdið öðrum óþægindum eða vakið opinbera hneykslun.</p>	
<p>Aðeins ef brot er refsivert í því landi þar sem brot er framið.</p> <p>Rýmkuð refsilögsaga vegna kaupa á kynlífsþjónustu barna og hagnýtingu hennar.</p>	<p>Aðeins ef brot er refsivert í því landi þar sem brot er framið.</p>	<p>Nær til finnskra þegna sem fremja brot í öðrum löndum ef um er að ræða brot gegn börnum, m.a. vegna kaupa á kynlífsþjónustu.</p>
<p>Refsilaust en bannað er að hafa í frammi hneykslanlega hegðun á almannafæri, sbr. 2. mgr. 10. gr., 6. k. bb.: Lýst refsivert að bera sig fyrir öðrum á hátt sem valdið getur sárindum eða áreitit í orði eða verki aðra manneskju á hátt sem getur brotið gegn kynfrelsi (s. sexuel integritet) hennar.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 2. mgr. 10. gr., 6. k. bb. er sektir eða fangelsi allf að 2 árum.</p>	<p>Refsilaust (í framfærsluskyni numið úr gildi m. lögum frá 1999) en refsivert er að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri, sbr. 232. gr. strl., sjá umfjöllun ofar.</p> <p>Sjá hér einnig bann 233. gr. strl. við því að hvetja til lauslætis og sýna af sér ósiðlega lífnaðarhætti, sbr. umfjöllun ofar.</p>	<p>Refsilaust en bannað er að hafa í frammi hneykslanlega hegðun á almannafæri, sbr. umfjöllun að ofan um 21. gr., 17. k. strl.</p> <p>Skv. 1. mgr. 7. gr. 1. kafli finnsku allsherjarregluglugganna (<i>Ordningslag</i> 27. 6. 2003/612) er bannað að kaupa og bjóða gegn greiðslu kynlífsþjónustu á almannafæri. Í ákvæðinu er vísað til strl. um skilgreiningar.</p>
<p>Refsivert er að afla sér kynferðislegs lausa-sambands (kynlífsþjónustu) gegn greiðslu, sbr. 1. mgr. 11. gr., 6. k. bb.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 11. gr., 6. k. bb. er sektir eða fangelsi allf að 6 mánuðum.</p> <p>Skv. 2. mgr. 11. gr., 6. k. bb. eru kaup á kynlífsþjónustu refsiverð fyrir þann sem þiggur hana enda þótt greiðslu hafi verið heitið eða hún látin í té af einhverjum öðrum.</p>		

Háttsemi	Ísland	Noregur
<p>Kaup á vændi barna</p>	<p>Refsivert er að hafa kynmök við barn yngra en 14 ára, sbr. 1. mgr. 202. gr. hgl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. er fangelsi allt að 12 árum.</p> <p>Önnur kynferðisleg áreitni en kynmök, sem höfð er frammi við barn yngra en 14 ára, varðar fangelsi allt að 4 árum, sbr. 2. mgr. 202. gr. hgl.</p> <p>Refsivert er að tæla ungmenni yngra en 18 ára með blekkingum eða gjöfum til samræðis eða annarra kynferðismaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. hgl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 3. mgr. 202. gr. hgl. er fangelsi allt að 4 árum.</p> <p>Refsivert er að greiða barni eða ungmenni undir 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök, sbr. 4. mgr. 202. gr. hgl.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 4. mgr. 202. gr. hgl. er fangelsi allt að 2 árum.</p>	<p>Refsivert er að hafa kynmök við barn yngra en 14 ára, sbr. 1. mgr. 195 gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 195. gr. er fangelsi allt að 10 árum. Hafi kynmökkin falið í sér samfarir skal dæma minnst 2 ára fangelsi. Skv. 2. mgr. 195 gr. strl. getur refsing orðið allt að 21 árs fangelsi, hafi verknaðurinn verið grófur. Refsiþyngingarástæður vegna grófleika eru taldar upp í staflíðum a.-e.</p> <p>Villa um aldur leysir ekki undan refsíabyrgð, sbr. 3. mgr. 195. gr. strl.</p> <p>Heimilt er að fella niður eða milda refsinguna ef þeir sem kynmökkin áttu voru því sem næst jafningjar að aldri og þroska, sbr. 4. mgr. 195. gr. strl.</p> <p>Refsivert er að hafa kynmök við barn yngra en 16 ára, sbr. 1. mgr. 196. gr. strl.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 196. gr. er fangelsi allt að 5 árum. Skv. 2. mgr. 196. gr. strl. getur refsing orðið allt að 15 ára fangelsi, hafi verknaðurinn verið grófur. Refsiþyngingarástæður vegna grófleika eru taldar upp í staflíðum a.-d.</p> <p>Villa um aldur leysir ekki undan refsíabyrgð nema engu gáleysi verði um kennt, sbr. 3. mgr. 196. gr. strl.</p> <p>Heimilt er að fella niður eða milda refsinguna ef þeir sem kynmökkin áttu voru því sem næst jafningjar að aldri og þroska, sbr. 4. mgr. 195. gr. strl.</p> <p>Refsivert er að hafa, gegn greiðslu, kynmök eða kynferðislegt samneyti við manneskju undir 18 ára, sbr. 1. mgr. 203. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p> <p>Villa um aldur leysir ekki undan refsíabyrgð nema hinn brotlegi hafi verið í góðri trú, sbr. 2. mgr. 203. gr. strl.</p>

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Skv. 1. mgr. 9. gr., 6. k. bb. er refsivert að kaupa kynlífsþjónustu barns með því að fá barn sem ekki er orðið 18 ára til að veita eða þiggja kynlífsgreiða gegn greiðslu. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að slík kaup séu refsiverð enda þótt greiðslu hafi verið heitið eða hún látin í té af einhverjum öðrum.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 9. gr., 6. k. bb. er fangelsi allt að 2 árum.</p> <p>Refsivert er að hafa samfarir við barn undir 15 ára aldri eða hafa við það annars konar kynmök sem jafna má til samfara eftir eðli verknaðarins og öðrum aðstæðum, sbr. 1. mgr. 4. gr., 6. k. bb.</p> <p>ATH.: í ákvæðinu er brotið auðkennt sem nauðgun á barni (s. völdtákt mot barn).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr., 6. k. bb. er fangelsi í minnst 2 en hæst 6 ár.</p> <p>Skv. 2. mgr. 4. gr., 6. k. bb. varðar það sömu refsingu ef verknaður sem lýst er í 1. mgr. er framinn gegn barni milli 15 og 18 ára sem er háð hinum brotlega, hann er uppalandi þess eða í svipuðu sambandi eða hann er ábyrgur fyrir umsjón þess skv. ákvæðun yfirvalds.</p> <p>Í 3. mgr. 4. gr., 6. k. bb. er kveðið á um refsihækkun vegna grófra brota. Gróf nauðgun á barni varðar <u>minnst 4 og mest 10 ára fangelsi</u>. Í ákvæðinu eru talin upp atriði sem horfa ber til við mat á því hvort verknaður teljist grófur, s.s. beiting ofbeldis eða hótunar um refsiverðan verknað, hvort fleiri en einn hafa framið eða tekið þátt í að fremja brotið eða hvort hinn brotlegi hefur sýnt af sér sérstaklega vítaværða hegðun, með hliðsjón af verknaðaraðferð eða aldri barnsins.</p> <p>Í 5. gr., 6. k. bb. er refsilækkunarheimild ef brot skv. 1. eða 2. mgr. 4. gr. telst með hliðsjón af aðstæðum við framningu þess síður alvarlegt.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 5. gr., 6. k. bb. er allt að 4 ára fangelsi.</p> <p>ATH: Þetta vægara brot er í bb. auðkennt sem kynferðisleg misnotkun á barni (s. sexuellu utnyttjande af barn).</p> <p>Skv. 10. gr., 6. k. bb. er refsivert sem kynferðisleg áreitni að snerta barn undir 15 ára aldri á kynferðislegan hátt eða fá barnið til að framkvæma eða taka þátt í nokkurri kynferðislegri athöfn.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 10. gr., 6. k. bb. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p> <p>ATH.: 9. og 10. gr. 6. k. bb. virðist ætlað, skv. orðalagi í verknaðarlýsingum – „í öðrum tilfellum en áður er lýst í þessum kafla“ (s. „í annat fall án som avses förut i detta kapitel“) – að vera n.k. „varaskeifúákvæði“ fyrir takmarkatilfelli sem önnur ákvæði kafans ná ekki yfir. Sérstaklega virðist þetta eiga við um 10. gr.</p>	<p>Refsivert er að hafa kynmök við börn yngri en 15 ára, sbr. 1. mgr. 222. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 222. gr. strl. er fangelsi allt að 8 árum. Skv. refsihækkunarákvæði 2. mgr. 222. gr. má þó dæma allt að 12 ára fangelsi ef barnið var undir 12 ára aldri eða ef hinn brotlegi hefur beitt þvingun eða hótunum.</p> <p>Refsivert er að greiða eða lofa að greiða barni undir 18 ára aldri fyrir kynmök, sbr. 223. gr. a strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 223. gr. a strl. er sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p> <p>Skv. 224. gr. strl. gilda m.a. ákvæði 222. gr. og 223. gr. a einnig um annars konar kynmök en samfarir og skv. 225. gr. strl. gilda m.a. þessi ákvæði einnig um kynmök við manneskju af sama kyni.</p>	<p>Refsivert er að hafa kynmök við barn undir 16 ára aldri (1. fl.), snerta eða láta á annan hátt barn undir 16 ára aldri þola kynferðislega meðferð sem getur skaðað þroska þess (2. fl.) eða fær það til að inna sjálf af hendi athafnir sem lýst er í 2. fl. (3. fl.), sbr. 1. mgr. 6. gr., 20. k. (um kynferðisbrot) strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr., 20. k. strl. er fangelsi allt að 4 árum.</p> <p>Í 2. mgr. 6. gr., 20. k. strl. er refsiley-sisákvæði, svipað og í norsku hegningarlögunum, sem tekur til þess þegar ekki er mikill munur á aldri, sálrænum og líkamlegum þroska hins brotlega og brotapolans. Ákvæðið mælir fyrir um það að í slíkum tilvikum skuli verknaður sem á undir 1. fl. ekki teljast kynferðisleg misnotkun á barni.</p> <p>3. mgr. 6. gr., 20. k. strl. mælir fyrir um að það teljist einnig kynferðisleg misnotkun á barni þegar barnið er 16–18 ára og foreldri þess eða einhver sem tengist barninu og hefur stöðu samsvarandi stöðu foreldris ásamt því að búa á sama heimili og barnið fremur verknað sem lýst er í 1. fl.</p> <p>1. mgr. 7. gr., 20. k. strl. kveður á um refsihækkun vegna grófrar kynferðislegrar misnotkunar á barni. Greinin á við ef brotið er jafnt og á heildina litið gróft og er framið gegn barni þegar aldur þess eða þroskastig er þannig að brotið er til þess fallið að valda barninu sérstökum skaða (1. fl.), brotið er framið á sérstaklega auðmýkjandi hátt (2. fl.) eða brotið er til þess fallið að valda barninu sérstökum skaða vegna sérstaks trausts sem barnið ber til hins brotlega eða vegna þess að barnið er að öðru leyfi sérstaklega háð hinum brotlega (3. fl.).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 7. gr., 20. k. strl. er fangelsi í minnst 1 ár og mest 10 ár.</p> <p>Refsivert er að fá barn undir 18 ára aldri til að hafa samfarir eða nokkurs konar kynmök með greiðslu eða loforði um greiðslu, sbr. 1. mgr. 8. gr., 20. k. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 8. gr., 20. k. strl. er sektir eða allt að 1 árs fangelsi.</p>

Háttsemi	Ísland	Noregur
<p>Væðismiðlun – Hagnýting vændis</p>	<p>Refsivert er að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra, sbr. 2. mgr. 206. gr. hgl.</p> <p>Refsivert er að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti, sbr. 3. mgr. 206. gr. hgl.</p> <p>Einnig er refsivert að stuðla að því að manneskja flytji til eða frá landinu í því skyni að hafa viðurværi sitt af lauslæti. Þó er slík háttsemi refsilaus ef viðkomandi er eldri en 21 árs og þekkir tilgang fararinnar, sbr. 4. mgr. 206. gr. hgl.</p> <p>Þá er refsivert að stuðla að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gera sér lauslæti annarra að tekjulind, t.d. með útleigu húsnæðis eða öðru, sbr. 5. mgr. 206. gr. hgl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 2.–5. mgr. 206. gr. hgl. er fangelsi allt að 4 árum. 5. mgr. <i>i.f.</i> kveður á um refsilækkun ef málsbætur eru. Er þá refsiramminn sektir eða fangelsi allt að 1 ári.</p>	<p>Refsivert er að stuðla að vændi annarra (a.-liður) eða leigja út húsnæði í þeirri vissu að það skuli nota til vændis eða sýna af sér stórfellt gáleysi í þá veru (b.-liður), sbr. 1. mgr. 202. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 5 árum.</p> <p>Refsivert er að bjóða, miðla eða leita eftir vændisþjónustu. Skilyrði er að slíkt sé gert á opinberum vettvangi og á ótvíræðan hátt. Sbr. 2. mgr. 202. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. strl. er sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum.</p>

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Refsivert er að stuðla að eða hagnýta sér fjárhagslega á ósæmilegan hátt kynferðislegt lausasamband gegn greiðslu, sbr. 1. mgr. 12. gr. 6. k. bb.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 12. gr. 6. k. bb. er allt að 4 ára fangelsi.</p> <p>Skv. 2. mgr. 12. gr., 6. k. bb. telst það „að stuðla að“ í skilningi 1. mgr. og leiðir þ.a.l. til refsíbyrgðar skv. henni ef sá sem framselt hefur afnotarétt íbúðar og kemst að því að hún er að öllu eða verulegu leyti notuð fyrir kynlífsþjónustu gegn greiðslu lætur starfsemina viðgangast áfram og gerir ekki allt sem af sanngirni er hægt að krefjast af honum til að slíta leigusambandinu.</p> <p>Í 3. mgr. 12. gr., 6. k. bb. er refsihækkunarákvæði vegna stórfelldra brota, sem varða <u>minnst 2 og mest 8 ára fangelsi</u>.</p> <p>Við mat á því hvort brot er gróft skal sérstaklega líta til þess hvort brotið er þáttur í stærrri brotastarfsemi, hvort því hefur fylgt töluverður ávinningur eða það falið í sér ófyrirleitna misnotkun á öðrum.</p>	<p>Refsivert er að ginna einhvern til að hafa ávinning af lauslæti (d. usædelighed) með öðrum (1. fl.), í ávinningsskyni að ginna einhvern til lauslætis með öðrum eða halda einhverjum uppi sem hefur atvinnu af lauslæti (2. fl.) eða að reka vændishús (3. fl.), sbr. 1. mgr. 228. gr. strl.</p> <p>Skv. 2. mgr. 228. gr. strl. er refsivert að stuðla að því að manneskja undir 21 árs stundi lauslæti í hagnaðarskyni eða eiga þátt í því að manneskja flytji úr landinu í því skyni, ef manneskjan sem flytur er undir 21 árs að aldri eða grandalaus um slíkar fyrirætlanir.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 228. gr. strl. er fangelsi allt að 4 árum.</p> <p>Refsivert er að vera viðriðinn lauslæti í hagnaðarskyni eða hafa í endurteknum tilfellum milligöngu um lauslæti annarra eða að notfæra sér það að önnur manneskja hafi viðurværi sitt af lauslæti, sbr. 1. mgr. 229. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 229. gr. strl. er fangelsi allt að 3 árum, en sektir ef málsbætur eru.</p> <p>Skv. 2. mgr. 229. gr. strl. er refsivert að leigja út herbergi á hótélum eða gistihúsum til stundunar lauslætis í atvinnuskyni.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 2. mgr. 229. gr. strl. er fangelsi allt að 1 ári, en sektir ef málsbætur eru.</p>	<p>Refsivert er að útbúa herbergi eða nokkurn annan stað fyrir samfarir eða annars konar kynmök sem einhver hefur gegn greiðslu eða fyrir bersýnilega meiðandi meðferð sem barn innan 18 ára verður fyrir gegn greiðslu (1. fl.), að stuðla ótvírætt að slíkri háttsemi með því að hafa það sem fastan þátt í starfsemi sinni að hýsa þann sem hefur kynmök (2. fl.), að hafa á einhvern hátt milligöngu um að nokkur annar viðhafi slíka háttsemi og vera um leið ljóst að með því sé ótvírætt stuðlað að framningu verknaðarins (3. fl.), að notfæra sér á annan hátt að einhver stundi slíka háttsemi (4. fl.), að ginna eða fá einhvern með blekkingum til slíkrar háttsemi, sbr. 1. mgr. 9. gr., 20. k. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 9. gr., 20. k. strl. er sektir eða fangelsi allt að 3 árum.</p> <p>1. mgr. 9. gr. a, 20. k. strl. kveður á um refsihækkun fyrir stórfellda vændismiðlun. Greinin á við þegar verknaðurinn er á heildina og jafnt á litið grófur og með honum er sóst eftir töluverðum efnahagslegum ávinningi (1. fl.), brotið er sérstaklega skifulagt (2. fl.), einhver hlýtur, af ásefningi eða stórfelldu gáleysi, mikið líkamstjón eða alvarlegan sjúkdóm, lendir í lífshættulegum aðstæðum eða verður fyrir samsvarandi verulegum andlegum þjáningum (3. fl.), brotapolinn er barn undir 18 ára aldri (4. fl.).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 9. gr. a, 20. k. strl. er fangelsi í minnst 4 mánuði en mest 6 ár.</p> <p>Í 1. mgr. 4. gr., 20. k. strl. er loks almennt ákvæði sem lýsir refsivert að þvinga annan mann með ofbeldi eða hótunum til að inna af hendi eða gangast undir kynferðislegar athafnir, aðrar en þær sem nefndar eru í 1. gr. (nauðgun) og háttsemin brýtur grófllega gegn kynfrelsi brotapolans (s. sexuel sjálvbestämmanderätt).</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr., 20. k. strl. er sektir eða fangelsi í mest 3 ár.</p>

Háttsemi	Ísland	Noregur
<p>Mansal</p>	<p>Mansal í þeim tilgangi að noffæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans er refsivert, sbr. 1. mgr. 227. gr. a. hgl.</p> <p>Mansal er nánar skilgreint með verknaðarlýsingunum í 1. og 2. fl. 1. mgr. 227. gr. a. hgl.</p> <p>1. fl. er almenn verknaðarlýsing um mansal, samsett brotalýsing sem vísar til ólögætrar nauðungar (225. gr. hgl.), frelsissviptingar (226. gr. hgl.), hótunnar (233. gr. hgl.), ólögætra blekkinga og hagnýtingar villu fórnarlambins sem mögulegra verknaðarþátta í mansalsbroti.</p> <p>2. fl. er ætlað að vernda sérstaklega börn undir 18 ára aldri, þ.e. ólöggráða. Þar er lýst refsivert að láta í té greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá umsjónarmanni barns.</p> <p>Að taka við slíkri greiðslu eða ávinningi er svo sérstaklega lýst refsivert í 2. mgr. 227. gr. a. hgl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 227. gr. a. hgl. er allt að 8 ára fangelsi.</p>	<p>Refsivert er, með ofbeldi, hótunum, misneytingu eða annarri ótilhlýðilegri háttsemi, að noffæra sér aðra manneskju til að stunda vændi eða í öðrum kynferðislegum tilgangi (a.-liður), nauðungarvinnu (b.-liður), herþjónustu í öðru landi (c.-liður), til að nema brott líffæri viðkomandi (d.-liður) eða að ginna hana til að láta nota sig í slíkum og á móta tilgangi, sbr. 1. mgr. 224. gr. strl.</p> <p><u>Refsing</u> fyrir brot gegn 1. mgr. 224. gr. strl. er fangelsi allt að 5 árum.</p> <p>Í a.-c.-liðum 2. mgr. 224. gr. strl. er <u>sama refsing</u> lögð við hvers konar þátttöku eða hlutdeild í mansali, þ. á m. því að aðstoða við að útvega, flytja eða taka á móti manneskjunnari (a.-liður), aðstoða á annan hátt við misnotkunina eða ginninguna (b.-liður) eða inna af hendi hvers kyns greiðslu til manns sem hefur forræði yfir brotaþola til þess að afla samþykkis hans svo og að taka við slíkri greiðslu (c.-liður).</p> <p>Sé manneskja undir 18 ára og neydd til vændis (a.-liður) eða nauðungarvinnu (b.-liður) er háttsemi hins brotlega refsiverð óháð því hvort ofbeldi, hótunum, misneytingu eða öðrum ótilhlýðilegum aðferðum hefur verið beitt eða ekki. Sbr. 3. mgr. 224. gr. strl.</p> <p>Stórfellt mansalsbrot varðar fangelsi allt að 10 árum. Við mat á gröfleika brots skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi var undir 18 ára aldri, hvort beitt var grófu ofbeldi eða þvingun eða hvort brotið hafði í för með sér verulegan ávinning. Sbr. 4. mgr. 224. gr. strl.</p> <p>Skv. 1. mgr. 225. gr. strl. varðar það frá 5 og allt að 21 árs fangelsi að koma því til leiðar eða taka þátt í að annar maður sé hnepptur í þrældóm.</p> <p>Skv. 2. mgr. 225. gr. strl. er <u>sama refsing</u> lögð við því að reka eða taka þátt í þrælasölu eða flutningi á fólki í slíkum tilgangi.</p> <p>Þeim sem binst félagi við annan mann um að reka eða taka þátt í þeirri háttsemi sem greinin fjallar um skal <u>refsað</u> með allt að 10 ára fangelsi, sbr. 3. mgr. 225. gr. strl.</p>

Svíþjóð	Danmörk	Finnland
<p>Refsivert er, með ólögmeðum þvingunum eða blekkingum, misneytingu eða nokkrum öðrum slíkum ótilhlýðilegum hætti, að safna saman, flytja, hýsa, taka á móti eða aðhafast nokkuð annað slíkt með manneskju, og ná þar með stjórn yfir henni, í því skyni að hún verði misnotuð kynferðislega (1. fl.), þvinguð til herþjónustu, nauðungarvinnu eða annarrar þess háttar þjónunar (2. fl.), líffæri hennar numin brott (3. fl.) eða hún á annan hátt hneppt í ánauð (4. fl.), sbr. 1. mgr. 1. gr. a, 4. k. bb.</p> <p>2. mgr. 1. gr. a, 4. k. bb. lýsir refsivert að láta af hendi stjórn yfir manneskju (1. fl.) og að taka við stjórn yfir manneskju (2. fl.) í því skyni sem 1. mgr. lýsir.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 1. gr. a, 4. k. bb. er minnst 2 ára en hæst 10 ára fangelsi.</p> <p>Sá sem fremur verknað sem fellur undir 1. mgr. gegn manneskju undir 18 ára aldri hefur gerst sekur um mansal óháð aðferðinni sem beitt var við verknaðinn, þ.e. jafnvel þótt engum ótilhlýðilegum aðferðum hafi verið beitt, sbr. 3. mgr. 1. gr. a, 4. k. bb.</p> <p>Í 4. mgr. 1. gr. a, 4. k. bb. er refsilækkunarákvæði: Ef brot er minni háttar er <u>refsirámminn</u> sektir eða fangelsi allt að 2 árum.</p>	<p>Skv. 1. mgr. 262. gr. strl. er refsivert að safna saman, flytja, afhenda, hýsa eða taka á móti manneskju sem beitt er eða hefur verið beitt ólögmeðri nauðung skv. 260. gr. strl. (1. fl.), frelsissviptingu skv. 261. gr. strl. (2. fl.), hótunum skv. 266. gr. strl. (3. fl.), blekkingum eða misneytingu (4. fl.) eða annarri ótilhlýðilegri háttsemi í því skyni að notfæra sér viðkomandi kynferðislega, til nauðungarvinnu, þrælshalds eða nema á brott líffæri hans.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 262. gr. strl. er fangelsi allt að 8 árum.</p> <p>Sama refsing er lögð við því í 2. mgr. 262. gr. strl. að safna saman, flytja, afhenda, hýsa eða taka á móti manneskju sem er yngri en 18 ára (1. fl.) eða inna af hendi greiðslu eða annan ávinning til manneskju, sem hefur vald yfir brotapolanum, til að ná samþykki hennar við því að hinn brotlegi notfæri sér brotapolann eða taka við slíkri greiðslu eða ávinningi (2. fl.).</p>	<p>Refsivert er, sbr. 1. mgr. 3. gr., 25. k. (brot gegn frelsi) strl., að notfæra sér varnarleysi einhvers eða það að hann er einhverjum háður (1. fl.), villa fyrir um fyrir einhverjum eða notfæra sér að villt er um fyrir einhverjum (2. fl.), greiða gjald til einhvers sem ræður yfir annarri manneskju (3. fl.) eða taka á móti slíkri greiðslu (4. fl.) til að öðlast yfirráð yfir einhverjum eða safna saman, afhenda, flytja, taka við eða hýsa einhvern í því skyni að láta hann þola kynferðislega misnotkun, nauðungarvinnu eða öðra meðhöndlun sem brýtur gegn manngildi eða í því skyni að nema á brott líffæri hans eða vefi í ávinningsskyni.</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 3. gr., 25. k. strl. er fangelsi í minnst 4 mánuði en mest 6 ár.</p> <p>2. mgr. 3. gr., 25. k. strl. mælir fyrir um það að ef brotþoli er undir 18 ára aldri skal einnig refsa fyrir mansal ef verknaður í því skyni sem lýst er í 1. mgr. hefur verið framinn, jafnvel þótt engum af þeim aðferðum sem þar er lýst hafi verið beitt. Sjá efnislega samhljóða ákvæði í dönsku, norsku og sænsku hegningarlögumunum.</p> <p>1. mgr. 3. gr. a, 25. k. strl. mælir fyrir um refsihækkun ef mansal telst stórfellt. Mansal telst stórfellt ef það er í heild og jafnt á litið gróft og beitt er ofbeldi, hótunum eða blekkingum ásamt eða í staðinn fyrir þær aðferðir sem lýst er í 3. gr. (1. fl.), einhver hlýtur, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, alvarlegt líkamstjón eða alvarlegan sjúkdóm, lendar í lífshættulegum aðstæðum eða verður fyrir samsvarandi verulegum andlegum þjáningum (2. fl.), brotið beinist gegn barni undir 18 ára aldri eða manneskju sem hefur verulega skerfa getu til að verjast (3. fl.) eða brotið er liður í skipulagðri glæpastarfsemi af því tagi sem skilgreind er í 4. mgr. 1. gr. a, 17. k. strl. (4. fl.).</p> <p>Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 3. gr. a, 25. k. strl. er fangelsi í minnst 2 ár en mest í 10 ár.</p> <p>2. mgr. 3. gr. a, 25. k. strl. kveður á um að þrælshald eða hvers konar þáttaka í þrælshaldi og -sölu teljist jafnframt refsivert skv. greininni sem stórfellt mansal ef verknaðurinn er í heild og jafnt á litið talinn stórfelldur.</p>

Fylgiskjal 3

FRÉTTATILKYNNING

Reykjavík, 5. desember 2003

Efni: Niðurstöður könnunar um viðhorf Íslendinga til vændis og kynlífsþjónustu.

Sendandi: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Fyrirspurnir: Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Þóru Ásgeirsdóttur, forstöðumanns viðhorfsrannsókna hjá IMG-Gallup,

sími 540 10 11 / 896 44 27. Netfang: thora@img.is

Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, sími 525 45 95,
Netfang: rikk@hi.is

Rósu Erlingsdóttur, jafnréttisfulltrúa og verkefnisstjóra, sími: 525 45 95 / 866 68
98, Netfang: rosaerli@hi.is


Á tímabilinu 19. september – 12. október 2003 var viðamikil viðhorfskönnun um jafnrétti kynjanna lögð fyrir 1200 einstaklinga af landinu öllu á aldrinum 18 til 75 ára Svarhlutfallið í könnuninni var 63%. Könnunin var unnin af Rannsóknarstofu í kvenna – og kynjafræðum við Háskóla Íslands í samstarfi við nefnd um efnahagsleg völd kvenna og Gallup-IMG. Hún var styrkt af nefnd um efnahagsleg völd kvenna, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Nýsköpunarsjóði námsmanna og IMG-Gallup sem jafnframt framkvæmdi könnunina. Verkefnið er hluti af stærri rannsókn sem ber yfirskriftina „Jafnrétti í íslensku samfélagi – ímyndir og raunveruleiki“ sem unnin er hjá Rannsóknastofunni.

Könnunin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og var hún samin með hliðsjón af sambærilegum erlendum könnunum sem framkvæmdar eru með reglulegu millibili til að mæla breytingar á viðhorfum almennings til kynjajafnréttis. Stefnt er að því að íslenska könnunin verði framkvæmd af jafnréttisyfirvöldum á 2-3 ára fresti til að gefa vísbendingar um stöðu og þróun jafnréttismála í samfélaginu. Helstu efnisflokkar könnunarinnar eru; almenn viðhorf til stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, reynsla og viðhorf til kynjajafnréttis á vinnumarkaði, samhæfing vinnu og einkalífs, kynferðisleg áreitni og viðhorf til mála sem eru ofarlega á baugi í jafnréttisumræðunni hverju sinni.

Hér eru kynntar fyrstu niðurstöður könnunarinnar, sem snúa að viðhorfum fólks til vændis og kynlífsþjónustu.

Niðurstöður


- Ertu sammála eða ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda?



Svör	Fjöldi	Vik- mörk	
		Hlutfall %	+/-
Mjög sammála	67	11,2	2,5
Frekar sammála	146	24,3	3,4
Frekar ósammála	105	17,5	3,0
Mjög ósammála	282	47,0	4,0
Fjöldi svara	600	100,0	
Tóku afstöðu	600	86,6	
Tóku ekki afstöðu	93	13,4	
Fjöldi svarenda	693	100,0	

- Meirihluti svarenda er ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda, eða 65%.
- Marktækur munur er á viðhorfum kynjanna en 74% kvenna og 53% karla er ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda.


- Ertu sammála eða ósammála því að það ætti að vera ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu?



Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
			%	
Mjög sammála	336	54,5	3,8	
Freka ósammála	96	15,6	2,9	
Frekar ósammála	98	15,9	2,8	
Mjög ósammála	87	14,1	1,7	
Fjöldi svara	617	100,0		
Tóku afstöðu	617	89,0		
Tóku ekki afstöðu	76	11,0		
Fjöldi svarenda	693	100,0		

- Meirihluti svarenda, eða 70,1%, er sammála því að það ætti að vera ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu.
- Þó meirihluti svarenda séu sammála um að ólöglegt eigi að vera að kaupa kynlífsþjónustu kemur fram marktækur munur milli kynja. Þannig eru 79% kvenna sammála banni við kaupum á kynlífsþjónustu en 60% karla.


- Ertu sammála eða ósammála því að það ætti að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu? (Hér var spurt um lögleiðingu vændis)



Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög ósammála	379	60,7	3,8
Frekar ósammála	124	19,9	3,1
Frekar sammála	90	14,4	2,8
Mjög sammála	31	5,0	1,7
Fjöldi svara	624	100,0	
Tóku afstöðu	624	90,0	
Tóku ekki afstöðu	69	10,0	
Fjöldi svarenda	693	100,0	

- Rúm 80% svarenda eru ósammála því að það eigi að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu.
- Marktækur munur er á milli kynja. Þannig eru 46% karla ósammála að það eigi að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu á móti 73% kvenna.

- Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) banni við einkadansi? (Með einkadansi er átt við einkasýningar á nektardansi sem fara fram í lokuðu rými innan veitingastaða, gegn greiðslu áhorfenda)



Svör	Fjöldi	Hlutfall	
		%	Vik- mörk +/-
Mjög hlynnt(ur)	218	40,0	4,1
Frekar hlynnt(ur)	92	16,9	3,1
Frekar andvíg(ur)	93	17,1	3,2
Mjög andvíg(ur)	142	26,1	3,7
Fjöldi svara	545	100,0	
Tóku afstöðu	545	78,6	
Tóku ekki afstöðu	148	21,4	
Fjöldi svarenda	693	100,0	

- Tæplega 60% svarenda er hlynntur banni við einkadansi.
- Um er að ræða marktækan mun milli kynja, þar sem 63% kvenna er hlynnt banninu á móti 49% karla.

